

Nd. 805. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. mars 1990.

Friðrik Sophusson,
frsm.

Matthías Bjarnason.

Sp. 806. Skýrsla [463. mál]

félagsmálaráðherra um 76. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1989.

(Lögd fyrir Alþingi á 112. löggjafarþingi 1989–90.)

1. INNGANGUR

Á síðasta ári urðu miklar breytingar á forustuliði skrifstofu ILO, alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf. Francis Blanchard lét af störfum sem forstjóri skrifstofunnar og við tók Belgíumaðurinn Michel Hansenne. Við þessi tímamót sendu ríkisstjórnir Norðurlandanna nýjum forstjóra minnisblað þar sem afstaða þeirra til starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar var árétuð og jafnframt bent á málefni á sviði vinnumála sem stofnunin eigi að hafa sem forgangsverkefni næsta áratuginn. Í minnisblaðinu er m.a. lögd áhersla á það að stofnunin einbeiti sér að þeim málaflokkum sem henni er falið að vinna að samkvæmt stofnskrá. Bent er á að ný tækni geri kröfu til breyttra vinnubragða. Á þessu sviði þurfi Alþjóðavinnumálastofnunin að vera reiðubúin að liðsinna aðildarríkjunum, einkum til þess að mæta þörfum fyrir hvers konar starfsmenntun sem geri launafólki kleift að takast á við ný verkefni. Stofnunin þurfi einnig að vera í forustu fyrir umbótum á vinnumarkaði, t.d. hvað varðar auknið öryggi og hollustu á vinnustöðum og jafnrétti karla og kvenna til launa og starfsframa.

Stefna ILO kom að sjálfsögðu til umfjöllunar á 76. Alþjóðavinnumálaþinginu sem haldið var dagana 6.–27. júní 1989 í tengslum við afgreiðslu á fjárhagsáætlun fyrir árin 1990 og 1991. En það var fjallað um fleiri atriði.

Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi nýja alþjóðasamþykkt um vernd frumbyggja sem búa innan sjálfstæðra ríkja. Samþykktin kemur í stað eldri samþykktar frá árinu 1957 en mörg ákvæða hennar voru orðin úrelt. Í nýju samþykktinni eru ákvæði um rétt frumbyggja og þjóðarbrotta til varðveislu og viðhalds menningararfs, að kennsla fari fram á móðurmáli og að virtar séu hefðir og siðir. Sérstakur kafli er um yferráðarétt yfir landsvæðum. Ákvæði eru um ráðningu og vinnuskilyrði frumbyggja og rétt til starfsmenntunar sem taki mið af aðstæðum og þörfum þeirra. Meðal þeirra sem tóku þátt í starfi þingnefndar sem fjallaði um drög að samþykktinni voru fulltrúar landsstjórnarinnar í Grænlandi og samráðsnefndar um málefni Sama.

Þingið lauk fyrri umræðu um drög að tveimur nýjum alþjóðasamþykktum en stefnt er að afgreiðslu þeirra á þessu ári. Önnur er um meðferð efnasambanda á vinnustöðum en hin um næturvinnu.

Markmið nýrrar samþykktar um meðferð efnasambanda verður að draga úr slysum og atvinnusjúkdómum af þeirra völdum á vinnustöðum. Einnig að stuðla að því að efni séu metin í þeim tilgangi að ákvarða hættuna af þeirra völdum, tryggja að atvinnurekendur fái

upplýsingar um rétta meðferð frá framleiðanda og að starfsmenn fái fræðslu um efni á vinnustað og um varnaraðgerðir til að draga úr hugsanlegri skaðsemi þeirra.

Samkvæmt drögum að samþykktinni skulu aðildarríki samþykktarinnar móta heildarstefnu í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins um örugga meðferð efnasambanda á vinnustöðum.

Unnið var að undirbúningi alþjóðasamþykktar um næturvinnu sem m. a. er ætlað að leysa af hólmi eldri samþykkt frá árinu 1948, um næturvinnu kvenna í iðnaði. Gert er ráð fyrir að nýja samþykktin verði hlutlaus gagnvart kynjunum.

Með vísan til 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnuáráðsinnar er hér með lögð fyrir Alþingi skýrsla um 76. Alþjóðavinnuáráðingid og birt alþjóðasamþykkt sem þingið afgreiddi.

Í þessari skýrslu er einnig gerð nokkur grein fyrir framkvæmd Íslands á Félagsmálasáttmála Evrópu. Ástæðan er samkomulag sem félagsmálaráðuneytið og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gerðu í árslok 1987 um að fyrrnefnda ráðuneytið taki að sér umsjón með framkvæmd Íslands á Félagsmálasáttmálanum. Jafnframt var samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins og heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins um samskipti Íslands við Alþjóðavinnuáráðsinnar falið að fjalla um framkvæmd ákvæða sáttmálans sem mörg hver eiga sér hliðstæðu í alþjóðasamþykktum ILO. Í skýrslu samráðsnefndarinnar, sem birt er sem fylgiskjal III með þessari skýrslu, er gerð grein fyrir umfjöllun nefndarinnar um þetta málefni. Efnislega samantekt á athugasemdum sérfræðinganevndar Evrópuráðsins við framkvæmd Íslands á ákvæðum Félagsmálasáttmálans er að finna í fylgiskjali IV. Ýmsar athugasemdir sérfræðinganevndarinnar eru þess eðlis að þær krefjast nýrra laga eða breytinga á núgildandi lögum. Því þykir rétt að gera Alþingi formlega grein fyrir þessum athugasemdum.

2.76. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAPINGIÐ 1989

2.1. SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

Dagana 7.–28. júní 1989 var haldið þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO), hið 76. í röðinni. Samtals sóttu þingið 1750 fulltrúar ríkisstjórna og samtaka aðila vinnumarkaðarinnar frá 140 af 150 aðildarríkjum stofnunarinnar. Konur voru um það bil 13% þingfulltrúa.

Vinnu- og félagsmálaráðherra Simbabwe, John L. Nkomo, var kosinn forseti þingsins. Kosnir voru þrír varaþingforsetar. Úr hópi ríkisstjórnarfulltrúa var kosin Dagmar Molkova frá Tékkóslóvakíu. Einnig voru kosnir atvinnurekendafulltrúinn Adel Gazarin frá Egyptalandi og fulltrúi launafólks Juan José Delpino frá Venesúela. Nýr forstjóri alþjóðavinnu- málskrifstofunnar, Michel Hansenne, bauð einungis einum þjóðhöfðingja til þingsins. Pennan heidur hlaut forseti Sviss, Jean Pascal Delamuraz, sem einnig gegnir starfi vinnuáráðherra. Sérstakur hátíðarfundur var haldinn til að kveðja fráfarandi forstjóra alþjóðavinnu- málskrifstofunnar í Genf, Francis Blanchard. Það tækifæri var jafnframt notað til að minnst þess að á árinu voru 70 ár liðin frá stofnun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Sendinefnd Íslands á þinginu skipuðu eftirtaldir:

Frá félagsmálaráðuneyti: Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra, Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, og Eyjófur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins. Frá utanríkisráðuneyti: Sverrir Haukur Gunnlaugsson sendiherra. Varamenn voru Kristinn F. Árnason og Bjarnveig Eiríksdóttir, bæði sendiráðsritarar hjá fastanefnd Íslands í Genf. Fulltrúi atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur Vinnuveitendasambands Íslands. Varamaður hennar var Jón Magnússon, lögfræðingur VSÍ. Fulltrúi launafólks: Ásmundur Stefánsson, forseti Alþýðusambands Íslands. Varamaður hans var Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands.

Félagsmálaráðherra flutti ræðu á allsherjarþingi Alþjóðavinnuálagingsins sem er birt í heild í fylgiskjali II.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin málefni:

1. Skýrsla forstjóra og stjórnarnefndar.
2. Fjármál.
3. Upplýsingar og skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykktar og tillagna.
4. Endurskoðun samþykktar nr. 107, um vernd frumbyggja (síðari umræða).
5. Næturvinna (fyrri umræða).
6. Öryggisráðstafanir við notkun efnasambanda á vinnustöðum (fyrri umræða).
7. Kynþáttaaðskilnaðarstefnan í Suður-Afríku.
8. Tillögur til þingsályktunar.

Fjallað var um dagskrárliði 2–8 í þingnefndum. Einnig var fjallað um kjörbréf, þingsköp og málefni sem snertu framvindu þingsins í sérstökum þingnefndum. Fulltrúar Íslands tóku þátt í fjárhagsnefnd, nefnd sem fjallar um framkvæmd alþjóðasamþykktar, nefnd um notkun efnasambanda á vinnustöðum og ályktunarnefnd.

2.2. SKÝRSLA FORSTJÓRA

Samkvæmt venju fjalla almennar umræður á allsherjarþingi Alþjóðavinnuálagingsins um skýrslu forstjóra alþjóðavinnuálagingskrifstofunnar í Genf og skýrslu stjórnarnefndarinnar um starfsemi stofnunarinnar í Sviss og öðrum löndum. Umræður á allsherjarþinginu fara fram samhliða störfum í þingnefndum.

Í fyrri hluta skýrslu sinnar til 76. Alþjóðavinnuálagingsins kaus forstjórinn að þessu sinni að fjalla um viðreisn og atvinnu. Í henni er gerð úttekt á þróun efnahags- og atvinnuálagings síðasta áratuginn og bent á ýmsar leiðir til að koma á jafnvægi í efnahagsmálum ríkja heimsins og þar með auka framboð atvinnu.

Forstjórinn gerði í skýrslu sinni grein fyrir óstöðugleika sem hefur ríkt í milliríkjavíðskiptum. Mikill halli hefur verið á utanríkisvíðskiptum margra ríkja sem hefur stóraukið erlendar

skuldir þeirra. Þessi lönd hafa orðið útflytjendur á fjármagni sem þau sárlega skorti í fjárfestingu heima fyrir til að auka atvinnu og bæta lífskjör.

Í skýrslunni er lögð áhersla á það að til þess að koma af stað hagvexti eða auka hann og bæta félagslegar aðstæður verði bæði iðnríkin og þróunarríkin að laga sig að breyttum aðstæðum. Breytt stefna er ekki einungis nauðsynleg í efnahagsmálum sérhvers ríkis heldur einnig í viðskiptum ríkja í millum.

Félagsmálaráðherra Íslands tók til máls undir þessum dagskrárlíð. Hann færði fráfarandi forstjóra, Francis Blanchard, þakkir íslensku ríkisstjórnarinnar fyrir vel unnin störf í 40 ár hjá alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunni í Genf. Ráðherra óskaði einnig nýjum forstjóra, Michel Hansenne, velfarnaðar í starfi.

Félagsmálaráðherra benti á í ræðu sinni að þær leiðir sem forstjórinn vekur athygli á í skýrslu sinni eru ekki auðveldar. Gengisfellingar ná ekki markmiði sínu nema þeim fylgi strangt aðhald, t.d. í verðlagsmálum. Að öðrum kosti verður afleiðingin óðaverðbólga sem leiðir til þess að þeir sem eiga skuldlausar fasteignir og framleiðslutæki verða ríkari en eignalaut fólk verður fátækara.

Í ræðunni kom fram að á seinni árum hefðu fáar skýrslur forstjóra höfðað jafnmikið til Íslendinga og sú sem var til umfjöllunar á 76. þinginu. Ástæðan væri sú að þrátt fyrir að lífskjör á Íslandi væru sambærileg við það sem best gerist meðal iðnríkja byggði efnahagslíf landsins á mjög einhæfum útflutningi og væri að því leyttinu líkara því sem gerist meðal þróunarríkjanna.

Félagsmálaráðherra vék í ræðu sinni að niðurstöðu nefndar Alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunnar um félagafrelsi í kærumáli ASÍ vegna setningar bráðabirgðalaga um efnahagsráðstafanir í maí 1988 og lagði áherslu á að við mat á framkvæmd alþjóðasamþykktar ILO yrði að taka tillit til aðstæðna aðildarríkjanna í efnahags- og atvinnuáskrifstofunni.

Ráðherra minntist þess að 70 ár væru liðin á árinu frá stofnun Alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunnar og sagði það skoðun sína að rétt væri að nota þessi tímamót til að huga að forgangsverkefnum stofnunarinnar næsta áratuginn. Félagsmálaráðherra sagði íslensk stjórnvöld leggja áherslu á að jafnréttismál og aukin þjónusta á sviði starfsmenntunar í atvinnulífnum verði meðal forgangsverkefna ILO og vísaði í því sambandi til þess að ríkisstjórnir Norðurlanda sendu nýjum forstjóra alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunnar minnisblað í maí 1989 þar sem þær lýsa stefnu sinni gagnvart Alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunni og skoðunum á brýnustu viðfangsefnum hennar næstu árin.

Ræða félagsmálaráðherra er birt í heild sem fylgiskjal II með þessari skýrslu.

Forseti Alþýðusambands Íslands, Asmundur Stefánsson, tók þátt í umræðum á þinginu undir þessum dagskrárlíð. Þetta var í fyrsta skipti sem forseti ASÍ ávarpaði Alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunni. Í ræðunni fjallaði hann um skýrslu forstjóra ILO og gerði grein fyrir kærumáli Alþýðusambandsins á hendur íslensku ríkisstjórninni vegna setningar bráðabirgðalaga nr. 14 1988, um aðgerðir í efnahagsmálum.

Á síðustu dögum þingsins hélt forstjórinn ræðu þar sem hann dró saman helstu atriðin úr umræðum á allsherjarþinginu. Að þessu sinni kom fram í ræðunni að umræðurnar hefðu verið mikilvæg uppspretta tillagna og nýrra hugmynda fyrir stjórnarnefnd ILO. Umfjöllun um naturvinnu og meðferð efnasambanda á vinnustöðum hefði verið mikilvæg og sýnt fram á nauðsyn þess að samdar verði nýjar alþjóðasamþykktir á þessum sviðum. Enn fremur hefðu umræður um nýja alþjóðasamþykkt um vernd frumbyggja verið þýðingarmiklar enda snerti það mál réttindi 300 milljóna manna. Með hliðsjón af alvarlegum mannréttindabrotum í heiminum væru verkefni nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykktar mikilvægari en nokkru sinni fyrr. Forstjóri alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunnar, Michel Hansenne, vék þar næst máli sínu til forvera síns í starfi, Francis Blanchard, og þakkaði honum fyrir vel unnin störf sem forstjóri ILO sl. 15 ár.

Í niðurlagi ræðu sinnar fjallaði forstjórinn um aðalviðfangsefnið í almennum umræðum, þ.e. efnahagslega viðreisn og atvinnu, og minnti á stefnu ILO frá 1969 í þessu máli. Hann lagði

áherslu á hversu umfangsmikið og margþætt vandamálið væri sem gerði kröfu til þess að Alþjóðavinnuálastofnunin beitti reynslu, þekkingu og hugkvæmni þegar leitað væri leiða til úrlausnar í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins á vandmálum aðildarríkjanna á þessu sviði. Hansenne benti á að miklar skuldir héldu áfram að setja svip sinn á alþjóðamálin, sérstaklega samskipti Norðurs og Suðurs. Hér hefði Alþjóðavinnuálastofnunin hlutverki að gegna við að stuðla að umbótum og alþjóðasamstarfi sem hefði bætt mannlíf að leiðarljósi. Hann lagði áherslu á að hagvöxtur og aukin atvinna væri alþjóðlegt viðfangsefni sem væri breytilegt frá einu landi til annars. Þó mætti skipta ríkjum heimsins í þrjá hópa hvað þetta varðaði:

1. Lönd sem búa við hagvöxt en eiga í erfiðleikum með fjölgun atvinnutækifæra og þar sem atvinnuleysi er mikið.
2. Lönd með lítinn eða engan hagvöxt.
3. Lönd sem fylgja stefnu sem leiðir til aukins hagvaxtar þegar til lengri tíma er litið en skammtímaáhrif á atvinnustigið eru neikvæð.

Forstjórinn lét í ljósi trú á því að Alþjóðavinnuálastofnunin hefði hlutverki að gegna við allar þessar aðstæður vegna getu sinnar til að brjóta vandamálin á vinnumarkaðinum til mergjar, sérstaklega vegna þess þríliða samstarfs sem er hornsteinninn í starfi stofnunarinnar. Í þessu sambandi benti hann á hæfni stofnunarinnar til að tengja stefnu í atvinnuálagum við stefnu í efnahagsmálum á landsvísi.

Samtals tóku 274 ræðumenn þátt í umræðum um skýrslu forstjórans, þar af 103 ráðherrar.

2.3. UMRÆÐUR UM KJÖRBRÉF

Fámennasta nefnd Alþjóðavinnuálagingsins er kjörbréfanefnd. Samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnuálastofnunarinnar eiga þrjár fulltrúar sæti í henni. Að þessu sinni voru eftirtaldir kosnir til setu í nefndinni: Formaður var kjörinn ríkisstjórnarfulltrúi frá Belgíu, Alfred Califice. Fulltrúi atvinnurekenda var Erik Hoff frá Noregi og fulltrúi launafólks John Svenningsen frá Danmörku.

Nefndinni bárust kærur vegna skipunar fulltrúa atvinnurekenda og launafólks í sendinefnd Nikaragva og skipunar fulltrúa launafólks í sendinefndir Marokkó og Síle.

Nefndin var sammála um að taka öll kjörbréf gild. Þegar hún er sammála um að viðurkenna kjörbréf getur allsherjarþingið ekki breytt þeirri niðurstöðu.

2.4. FJÁRMÁL

Fjármál Alþjóðavinnuálastofnunarinnar eru rædd í sérstakri þingnefnd sem eingöngu er skipuð fulltrúum ríkisstjórna. Formaður nefndarinnar var Pesjkov frá Sovétríkjunum. Fulltrúi Íslands í nefndinni var Gylfi Kristinsson. Á þinginu var aðalviðfangsefni nefndarinnar að ræða fjárhagsáætlun fyrir árin 1990 og 1991. Fyrir nefndinni lá tillaga stjórnarnefndar ILO um fjárhagsáætlun að upphæð 330.440 þús. bandarískir dalir. Um er að ræða lækkun frá fyrra tveggja ára fjárhagstímabili en þá voru útgjöldin 357.023 þús. bandarískir dalir. Hlutdeild Íslands samkvæmt tillögunni er óbreytt eða 0,03%. Samkvæmt ákvörðun 75. Alþjóðavinnuálagingsins skal umreikna útgjöldin í svissneska franka. Í samræmi við það er gert ráð fyrir að útgjöldin verði 578.270 þús. svissneskir frankar. Árgjald Íslands á árinu 1990 verður því 86.741 svissneskur franki.

Undanfárin ár hafa verið miklar deilur í nefndinni og komið hefur fram hörð gagnrýni á stjórnarnefndina fyrir að gæta ekki aðhalds í útgjöldum stofnunarinnar. Að þessu sinni ríkti samstaða um heildarramma útgjaldanna þótt skiptar skoðanir væru um fjárveitingar til einstakra verkefna. Við undirbúning fyrir þátttöku Norðurlandanna í umræðum í stjórnarnefndinni hafði Ísland lagt áherslu á aukin framlög til starfsmenntunar og jafnréttismála. Framlög til þessara verkefna verða aukin á gildistíma fjárhagsáætlunarinnar. Í samræmi við stofnskrá ILO voru greidd atkvæði um fjárhagsáætlunina á allsherjarþinginu og brá svo við að hún var samþykkt með einungis einu mótaþvæði, þ.e. atkvæði Trinidad/Tabago, og enginn

fulltrúi sat hjá. Það er sjaldgæft að myndast hafi jafnbreið samstaða um fjárhagsáætlun Alþjóðavinnuáætlunastofnunarinnar.

Fulltrúi Svíþjóðar hafði orð fyrir Norðurlöndunum í nefndinni. Í ræðu hans kom fram sú von að stofnuninni takist að skipuleggja starfsemi sína þannig að markmið fjárhagsáætlunarinnar náist.

2.5. FRAMKVÆMD SAMÞYKKTA OG TILLAGNA

Þingnefnd sem fjallar um framkvæmd alþjóðasamþykktar á sviði vinnumála er ein sú mikilvægasta af fastanefndum Alþjóðavinnuáætlunastofnunarinnar. Starf þingnefndarinnar er undirbúið af alþjóðavinnuáætlunastofnunni og sérstakri nefnd sérfræðinga sem rannsakar skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd alþjóðasamþykktar sem að jafnaði eru gefnar á tveggja ára fresti, þ.e. aðildarríkin gefa árlega skýrslu um framkvæmd u.þ.b. helmings fullgilttra alþjóðasamþykktar. Sérfræðinganefndin gefur út niðurstöður sínar í skýrslu sem er eitt af undirstöðuskjölunum í starfi þingnefndarinnar.

Á 76. Alþjóðavinnuáætlunastofnuninni áttu sæti samtals 207 fulltrúar í nefndinni, þar af 108 fulltrúar ríkisstjórna, 33 fulltrúar atvinnurekenda og 66 fulltrúar launafólks. Auk þessara fulltrúa sátu fundi nefndarinnar 125 áheyrnarfulltrúar og 31 fulltrúi alþjóðasamtaka.

Formaður nefndarinnar var kosinn Elmiger, ríkisstjórnarfulltrúi frá Sviss. Wisskirchen, atvinnurekendafulltrúi frá Sambandslýðveldinu Þýskalandi, og Houthuys, fulltrúi launafólks frá Belgíu, voru kosnir varaformenn eins og mörg undanfarin ár. Ríkisstjórnarfulltrúi Túnis, Kchaou, var kosinn ritari. Af hálfu Íslands sátu í nefndinni Gylfi Kristinsson og Hrafnhildur Stefánsdóttir og síðar varamaður hennar Jón Magnússon.

Samtals hélt nefndin 23 fundi þann tíma sem þingið stóð. Nokkrir þeirra voru kvöld- og næturfundir.

Starf nefndarinnar hefst með almennum umræðum sem standa í tvo til þrjú daga. Þar næst er fjallað um framkvæmd tiltekinna samþykktar eða tillagna sem stjórnarnefndin hefur samþykkt að taka til sérstakrar athugunar. Mestum hluta starfstíma nefndarinnar er varið í að ræða framkvæmd einstakra aðildarríkja á alþjóðasamþykktum. Sú vinnuregla hefur skapast að fulltrúar aðila vinnumarkaðarins koma sér saman um 40 mál sem tekin eru til umfjöllunar í nefndinni á sérhverju vinnumálaþingi. Nefndin telst ekki hafa lokið störfum fyrr en sú málaskrá er tæmd og eins og áður sagði þarf oft að leggja nótt við dag til þess að það takmark náist.

Almennar umræður.

Í almennum umræðum var fjallað um eftirlitskerfi Alþjóðavinnuáætlunastofnunarinnar. Samtals tóku 53 fulltrúar þátt í umræðum eða fleiri en nokkru sinni áður. Fram kom að heildartala fullgildinga á alþjóðasamþykktum ILO 31. desember 1988 var 5.401. Á árinu 1988 voru skráðar 90 fullgildingar 27 aðildarríkja. Hér er um að ræða umtalsverða fjölgun fullgildinga þar sem á árunum 1986 og 1987 voru einungis skráðar 35 fullgildingar á hvoru ári.

Fulltrúi Noregs hafði orð fyrir Norðurlöndunum. Í ræðu hans var fjallað um þrjú viðfangsefni: Vakin var athygli á nánú samstarfi Norðurlanda við Alþjóðavinnuáætlunastofnunina allt frá árinu 1919. Bent var á þá staðreynd að margar alþjóðasamþykktir hafa ekki verið fullgiltar af aðildarríkjunum og á síðustu árum virðast það einkum vera iðnríki sem fullgilda samþykktirnar. Í ræðunni var einnig fjallað um vandamál sem hafa komið upp við framkvæmd alþjóðasamþykktanna. Lögð var áhersla á að ILO freisti þess að í framtíðinni verði afgreiddar alþjóðasamþykktir sem séu það sveigjanlegar að aðildarríki sem búi við ólíka stjórnskipan og efnahag geti fullgilt þær. Það var undirstrikað í ræðunni að þessi sveigjanleiki ætti fyrst og fremst við samþykktirnar sem slíkar en ekki framkvæmdina. Í ræðunni var eftirfarandi lagt til: Að farið verði yfir gildandi samþykktir og þær endurskoðaðar, þess verði freistað að nýjar samþykktir gegni veigameira hlutverki í efnahags- og félagslegri þróun aðildarríkjanna og að fundin verði leið til að gera aðildarríkin virkari í samningu alþjóðasamþykktanna.

Framkvæmd alþjóðasamþykktar um lágmark félagslegs öryggis.

Í öðrum hluta almennra umræðna var fjallað um skýrslu alþjóðavinnuáskrifstofunnar um framkvæmd alþjóðasamþykktar nr. 102, um lágmark félagslegs öryggis, og samþykktar nr. 128 og tillögu nr. 131, um elli-, örorku- og eftirlifendabætur. Nefndin var sammála um að leggja í niðurstöðum sínum áherslu á nauðsyn þess að sérhver búi við öryggi í ellinni. Í því felst að ellilífeyrir taki mið af þróun framfærslukostnaðar.

Umfjöllun um framkvæmd einstakra aðildarríkja á alþjóðasamþykktum.

Eftir að þingnefndin hafði lokið umfjöllun um framkvæmd þeirra alþjóðasamþykktar, sem voru að þessu sinni til sérstakrar athugunar, hófst umfjöllun um framkvæmd einstakra ríkja á samþykktum. Eins og áður sagði vann nefndin eftir skrá yfir 40 mál sem aðilar vinnuarkaðarins höfðu komið sér saman um. Auk þess voru nokkrar ríkisstjórnir beðnar um frekari skýringar á einstökum atriðum. Samtals voru því fulltrúar 59 aðildarríkja beðnir um að mæta fyrir nefndina. Af þeim mættu fulltrúar 50 ríkja. Sex af þeim níu ríkjum sem ekki mættu sendu ekki sendinefndir til þingsins.

Í skýrslu nefndarinnar til allsherjarþingsins kom fram að 29 aðildarríki höfðu í 46 tilvikum breytt lögum eða lagaframkvæmd á árinu 1988 í framhaldi af ábendingum sérfræðinganeftardar ILO. Frá árinu 1964 hefur sérfræðinganeftindin skráð samtals 1800 slík tilvik. Þetta er áþreifanleg sönnun fyrir því að eftirlit Alþjóðavinnuáskrifstofunnarinnar er virkt og aðildarríkin eru reiðbúin til að taka þátt í því.

Nokkur kærúmal vöktu sérstaka athygli í þingnefndinni. Þau helstu snertu Danmörku, Bretland, Mið-Afríkulýðveldið, Kólumbíu, Dóminíska lýðveldið, Rúmeníu og Tyrkland.

Danska ríkisstjórnin var kærð vegna framkvæmdar á samþykkt nr. 98, um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega. Í stuttu máli eru dönsk stjórnvöld kærð fyrir að hafa gripið inn í samningafrelsi aðila vinnuarkaðarins í ýmsum starfsgreinum og þar með brotið 4. gr. samþykktarinnar. Einnig snertir kærán dönsku skipaskrána sem byggir á lögum nr. 408 frá 1. júlí 1988. Í 10. gr. laganna er sérstakt ákvæði um kjarasamninga fyrir skip sem eru skráð í alþjóðlega hluta dönsku skipaskrárinnar. Alþýðusamband Danmerkur hefur í kærúnni lagt áherslu á að ákvæðið brjóti í bága við ILO-samþykkt nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs. Hins vegar var Danmörk beðin um að gera grein fyrir málinu með skírskotun til samþykktar nr. 98 en ekki 111 þótt kærú málið taki til beggja samþykktanna. Nánari útlistun á málinu er að finna í skýrslu sérfræðinganeftindarinnar fyrir árið 1989, bls. 269–271. Um það er einnig fjallað á bls. 379–381 í þeim hluta skýrslunnar þar sem gerð er grein fyrir athugasemdum við framkvæmd aðildarríkjanna á samþykkt nr. 111.

Kærú málið á hendur dönsku ríkisstjórninni varð tilefni til langra umræðna í þingnefndinni. Fulltrúi dönsku ríkisstjórnarinnar vakti athygli á því í ræðu sinni að stjórnin hefði óskað eftir því að senda ítarlegri upplýsingar um málið áður en sérfræðinganeftind ILO fjallaði um það. Álit dönsku ríkisstjórnarinnar var það að athugasemdir sérfræðinganna byggðist á ófullnægjandi gögnum. Þess vegna væri ekki tímabært fyrir þingnefndina að draga neinar ályktanir í málinu. Niðurstaðan varð samt sú að þingnefndin samþykkti almenna umsögn þar sem m.a. kemur fram að hún hafi veitt athygli því álit sérfræðinganeftindarinnar að dönsku lögín væru ekki fyllilega í samræmi við kröfur í alþjóðasamþykktinni. Í umsögninni segir einnig að nefndin veiti athygli þeim ummælum fulltrúa ríkisstjórnarinnar að stofnað verði til umfjöllunar um málið með aðilum vinnuarkaðarins. Loks mælir nefndin með því að ríkisstjórnin taki tillit til athugasemda sérfræðinganeftindarinnar varðandi breytingar á lögum eða venju að því er varðar kjarasamninga.

Annað kærú mal sem olli meiri eftirtækt og harðari umræðum en nokkurt annað undanfarin ár snerti framkvæmd Bretlands á samþykkt nr. 87, um félagafrelsi.

Í stuttu máli fjallar kærú málið um uppsögn 13 starfsmanna í fjarskiptamiðstöð ríkisins

(GCHQ) vegna þess að þeir neituðu að segja sig úr stéttarfélagi sem þeir sjálfir höfðu gengið í af frjálsum og fúsum vilja. Kjarninn í kærinni snertir synjun ríkisstjórnarinnar á óskum starfsmannanna um stofnun stéttarfélags á þessum tiltekna vinnustað.

Breska ríkisstjórnin er mjög ósammála álitu sérfræðinganevndarinnar í þessu kærumáli. Rök ríkisstjórnarinnar byggjast á því að fjarskiptamiðstöðin sé hluti af varnarkerfi Bretlands og bandamanna þeirra. Samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktar nr. 87 er aðildarríki heimilt að undanþiggja hermenn og lögreglu frá gildissviði hennar.

Niðurstaða þingnefndarinnar var að harma uppsögn starfsmannanna og láta í ljós von um að breska ríkisstjórnin skipti um skoðun í þessu máli. Einnig var því beint til ríkisstjórnarinnar að hún tæki upp viðræður við verkalýðsfélagið í þeim tilgangi að finna lausn á þessu ágreiningsmáli.

Þegar nefndin hafði náð samkomulagi um þessa niðurstöðu kvaddi talsmaður launafólks í nefndinni sér hljóðs og lýsti því yfir að þar sem hér væri um svo alvarlegt mannréttindabrot að ræða krefðist hann þess að málsins yrði getið í þeim hluta í skýrslu nefndarinnar þar sem fjallað er um sérstaklega gróf brot á alþjóðasamþykktum ILO.

Fulltrúi bresku ríkisstjórnarinnar mótmælti harðlega þessari kröfu og benti á að ef um væri að ræða brot á samþykkt væri það tæknilegs eðlis en snerti ekki mannréttindi. Einnig vakti hann athygli á því að einungis væri getið um alvarlegustu brotin á samþykktum ILO í hinum sérstaka hluta í skýrslu nefndarinnar. Nefndin hafi fyrr talið að ekki væri ástæða til að geta Írans í þessum hluta þótt írönsk stjórnvöld væru uppvís að margvíslegum mannréttindabrotum. Með þetta í huga væri mjög óviðeigandi að setja Bretland í þennan hóp. Það væri til þess fallið að draga úr áhrifum víðurlaga Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar.

Þar sem ekki tókst að ná samkomulagi var gengið til atkvæða um kröfu talsmanns launafólks. Úrslit í atkvæðagreiðslu um þetta mál urðu þau að 56.845 vegin atkvæði¹⁾ voru samþykkt því að geta breska kærumálsins í sérstaka hlutanum í skýrslu nefndarinnar, 60.398 voru á móti og 955 sátu hjá. Krafa um að kærumálsins yrði getið með öðrum alvarlegum brotum var því hafnað með litlum atkvæðumun. Fulltrúi Íslands í nefndinni greiddi atkvæði með fulltrúum annarra Norðurlanda og vestrænna ríkja (að fulltrúa Austurríkis undanskildum sem var fjarverandi vegna þátttöku í öðrum fundi) sem höfnuðu því að Bretlands yrði getið í sérstaka hlutanum. Fulltrúi Svíþjóðar gerði grein fyrir atkvæðum Norðurlandanna. Í máli hans kom fram að norræn stjórnvöld séu sammála niðurstöðum nefndarinnar í kærumálinu. Fulltrúar ríkisstjórna Norðurlandanna hefðu hins vegar í þessu tilviki greitt atkvæði gegn kröfu um að Bretlands yrði getið í svonefndum sérstaka hluta skýrslunnar þar sem þessari hegningu ætti einungis að beita í málum sem væru sérstaklega alvarleg. Ef henni væri beitt í þessu kærumáli væri það til þess fallið að draga úr gildi þessa úrræðis.

Sérstakar ábendingar.

Nokkur aðildarríki hlutu þann vafasama heiður að vera getið í svonefndum sérstaka hluta skýrslu nefndarinnar til allsherjarþingsins. Svo virðist sem Mið-Afríkulýðveldið sé búið að ávinna sér fastan sess í þeim hópi vegna framkvæmdar á alþjóðasamþykkt nr. 87, um félagafrelsi. Í álitu nefndar kemur fram að hún hafi tekið tillit til nýrra upplýsinga frá fulltrúa ríkisstjórnar Mið-Afríkulýðveldisins um að lög og lagaframkvæmd hafi verið breytt til samræmis við kröfur í samþykktinni. Nefndin lýsti hins vegar yfir áhyggjum sínum vegna ákvæðis í nýjum lögum um stéttarfélag sem einungis heimila starfsemi eins stéttarfélags.

¹⁾ Setu- og atkvæðisrétt á Alþjóðavinnuálagningu eiga fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Í því skyni að jafna áhrif þessara þriggja hópa eru greidd atkvæði margfölduð með ákveðnum stuðli sem tekur mið af fjölda fulltrúa hvers hóps um sig á þinginu eða í hlutaðeigandi þingnefnd. Af þessari ástæðu virðast atkvæðatölur vera í litlu samræmi við fjölda fulltrúa.

Nefndin lýsti einnig yfir vonbrigðum sínum með það að ríkisstjórnin hafði ekki efnt loforð um að taka á móti sendinefnd frá ILO á árinu 1988 í því skyni að leita leiða til að bæta framkvæmd ákvæða samþykktarinnar.

Enn á ný komu málefni Dóminíska lýðveldisins til umfjöllunar í nefndinni. Að þessu sinni var einkum rætt um framkvæmd á samþykkt nr. 95, um verndun vinnulauna, og samþykkt nr. 105, um afnám nauðungarvinnu. Sérstök eftirlitsnefnd ILO heimsótti landið árið 1988. Í framhaldi af skýrslu hennar lýsti sérfræðinganefndin yfir miklum áhyggjum vegna stöðu launafólks frá Haítí í lýðveldinu. Þingnefndin lýsti áhyggjum sínum vegna þess að ekki hafði orðið vart við neinar framfarir, hvorki varðandi lagasetningu né framkvæmd, þrátt fyrir þær ábendingar sem settar höfðu verið fram árum saman af eftirlitsnefndinni, sérfræðinganefndinni og þingnefndinni.

Eins og undanfarin ár tók þingnefndin til umræðu málefni Ekvador. Um er að ræða athugasemdir við framkvæmd samþykktar nr. 87. Nefndin veitti athygli yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar um að nýtt lagafrumvarp muni brátt verða að lögum sem hafi að markmiði að uppfylla skilyrði sem sett eru í samþykktinni. Enn þá einu sinni var fjallað um framkvæmd alþjóðasamþykktar nr. 105. Sérfræðinganefndin hefur gert athugasemdir við reglugerð frá árinu 1967 sem heimilar að einstaklingar, sem hvetja til eða eru í forustu fyrir verkfalli eða vinnustöðvun, séu dæmdir í tveggja til fimm ára fangelsi. Athugasemdir sérfræðinganefndar ILO snerta mörg alvarleg brot á félagafrelsi og samþykkti þingnefndin tilmæli til ríkisstjórnarinnar um að beita sér fyrir nauðsynlegum aðgerðum til að lög og lagaframkvæmd verði í samræmi við alþjóðasamþykktina.

Sérfræðinganefndin fjallar í skýrslu sinni ítarlega um Kólumbíu vegna framkvæmdar á alþjóðasamþykkt nr. 87. Þingnefndin samþykkti að lýsa yfir áhyggjum sínum vegna þess hve mörg atriði í löggjöf landsins eru í andstöðu við ákvæði samþykktarinnar. Meðal annars bendir sérfræðinganefndin á að ákvæði um rétt til verkfalla séu allt of þröng. Með hliðsjón af alvarlegu ástandi lýsti þingnefndin þeirri von að ríkisstjórnin gæti gefið næsta vinnumálaþingi skýrslu um að verulegur árangur hafi náðst við að hrinda ákvæðum samþykktarinnar í framkvæmd.

Umfangsmikið kærúmal á hendur rúmensku ríkisstjórninni var tekið til afgreiðslu í þingnefndinni vegna brota á samþykkt nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs. Kjarni kærúmalsins er sá að ríkisstjórnin hafi beitt misrétti vegna stjórnmalaskoðana og uppruna. Það er fyrst og fremst fjölmennur minni hluti Ungverja sem hefur orðið fyrir barðinu á stjórnvöldum. Fulltrúi rúmensku ríkisstjórnarinnar fullyrti að fullt samræmi væri á milli ákvæða samþykktarinnar og framkvæmdar í Rúmeníu. Stjórnvöld voru því ekki á sama máli og sérfræðinganefnd ILO. Talsmaður atvinnurekenda í þingnefndinni sagði vandamálið vera tvíþætt. Annars vegar væri um að ræða mismunun á grundvelli stjórnmalaskoðana og uppruna, hins vegar stefnu stjórnvalda í byggðamálum sem kæmi hart niður á þjóðernisminnihlutahópum í Rúmeníu. Hann lagði til að nefndin samþykkti að óska eftir því við rúmensku ríkisstjórnina að hún taki á móti rannsóknarnefnd frá Alþjóðavinnuástandofnuninni sem kanni aðstæður. Talsmaður launafólks tók undir þessa tillögu og minnti jafnframt á nauðungarflutninga sem rúmenska ríkisstjórnin stæði fyrir. Fulltrúi ungversku ríkisstjórnarinnar upplýsti að tvær milljónir Ungverja byggju í Rúmeníu. Hér væri því um að ræða stærsta þjóðernisminnihlutahópinn í Evrópu. Í máli hans kom fram að ungverska ríkisstjórnin hefur árangurslaust farið fram á viðræður við rúmensk stjórnvöld um þetta málefni. Niðurstaðan varð sú að nefndin samþykkti að Rúmeníu yrði getið í hinum sérstaka hluta skýrslu nefndarinnar þar sem ljóst væri að framkvæmd samþykktar nr. 111 er verulega ábótavant. Ríkisstjórnarfulltrúi Rúmeníu kvaðst algjörlega ósammála niðurstöðum nefndarinnar og sagði það ekki koma til mála að rannsóknarnefnd fengi að heimsækja landið.

Tyrkland lenti í hópi þeirra landa sem brjóta gróflega samþykktir ILO. Að þessu sinni var það vegna framkvæmdar á samþykkt nr. 111. Þingnefndin samþykkti að gefa gaum að

niðurstöðum sérfræðinganevndarinnar um að verulegur munur sé á fyrirmælum samþykktarinnar og framkvæmdinni í Tyrklandi. Nefndin lýsti þeirri von sinni að við endurskoðun laga verði tekið tillit til þeirra athugasemda sem eftirlitsnefndir Alþjóðavinnuálastofnunarinnar hafa sett fram í þessu sambandi.

Kærumál Alþýðusambands Íslands á hendur ríkisstjórn Íslands.

Ríkisstjórn Íslands var á árinu 1988 í fyrsta skipti kærð fyrir Alþjóðavinnuálastofnuninni vegna framkvæmdar á fullgiltri alþjóðasamþykkt. Rétt þykir að gera nokkra grein fyrir þessu kærumáli hér þótt það hafi ekki komið til umfjöllunar í þingnefndinni um framkvæmd alþjóðasamþykktar.

Málavextir eru þeir að hinn 14. júní 1988 sendi Alþýðusamband Íslands alþjóðavinnuálastofnuninni í Genf bréf þar sem kærð var setning bráðabirgðalaga nr. 14/1988, um aðgerðir í efnahagsmálum. Í bréfi ASÍ er því haldið fram að tiltekin ákvæði bráðabirgðalaganna séu í ósamræmi við alþjóðasamþykktir ILO nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess, og nr. 98, um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega. Ísland hefur fullgilt báðar samþykktirnar. Stjórnarnefnd alþjóðavinnuálastofnunar afgreiddi á fundi sínum 28. febrúar 1989 skýrslu nefndar um félagafrelsi sem fjallar um kærumál af þessu tagi.

Niðurstæða nefndar um félagafrelsi er í stuttu máli sú að vakin er á því athygli að bráðabirgðalög nr. 14/1988 takmörkuðu rétt aðila vinnumarkaðarins til frjálsra kjarasamninga. Hún lýsir áhyggjum sínum af því að þetta var í nýunda skiptið sem höfð voru slík afskipti á tíu árum (síðast 1983). Hins vegar telur nefndin að þegar á heildina er litið hafi brýna þjóðarnaúdsyn borið til að setja slíkar hömlur, þær hafi verið settar aðeins að því marki sem nauðsynlegt var, þær hafi aðeins verið í gildi um sanngjarnan tíma og jafnframt þeim hafi verið gerðar viðunandi ráðstafanir til að tryggja lífskjör launafólks.

Samkvæmt þessu telur nefndin að miðað við aðstæður og með tilliti til hliðaraðgerða brjóti lög nr. 14/1988 ekki í bága við alþjóðasamþykktir nr. 87, um félagafrelsi, og nr. 98, um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega.

Þar sem Ísland hefur fullgilt bæði alþjóðasamþykkt nr. 87 og 98 var umrætt kærumál sent sérfræðinganevnd ILO um framkvæmd alþjóðasamþykktar til umfjöllunar. Félagsmálaráðherra barst bréf frá alþjóðavinnuálastofnuninni, dags. 11. september 1989, sem hefur að geyma álit sérfræðinganevndarinnar.

Sérfræðinganevndin kemst að svipaðri niðurstöðu og nefndin um félagafrelsi. Þó er í álitinu hennar fjallað ítarlegar um samráðsfundi sem haldnir voru með fulltrúum ASÍ fyrir setningu bráðabirgðalaganna og telur nefndin sér skylt að benda á að *sú staðreynd að svo djúpstæður ágreiningur ríkir um afstöðu málsaðila til samráðs bendi til þess að starfsreglum um samráð sé að einhverju leyti áfátt.*

Sérfræðinganevndin bendir enn fremur á að löggjafinn hafi í níu skipti á tíu árum haft afskipti af kjarasamningum með lagasetningu. Í álitinu segir orðrétt: „Nefndin telur, eins og nefndin um félagafrelsi, að slík endurtekin afskipti löggjafans séu með þeim hætti að ekki sé hægt að skilgreina lögin frá 20. maí 1988 sem ráðstöfun sem gerð sé í undantekningartilvikum. Hins vegar telur nefndin einnig að í lögunum frá 1988 hafi verið aðrir fyrirvarar sem teljast nauðsynlegir ef löggjafanum þykir réttlætunlegt að grípa inn í kjarasamninga þegar brýna nauðsyn ber til vegna þjóðarhags. Þar eð nefndin hefur áhyggjur af því að löggjafinn sé of gjarn á að grípa inn í kjarasamninga á Íslandi biður hún ríkisstjórnina um að senda sér upplýsingar um frekari þróun mála á þessu sviði.“

Í viðauka eru birt skjöl sem snerta kærumál ASÍ á hendur íslensku ríkisstjórninni.

2.6. SAMÞYKKT UM FRUMBYGGJA OG ÆTTFLOKKA

Síðari umræða um endurskoðun samþykktar nr. 107, um frumbyggja og annað kynþáttafólk eða frumstætt innan sjálfstæðra ríkja, var fjórða málefnið á dagskrá þingsins. Samþykktin, sem er frá árinu 1957 og markaði á sínum tíma nokkur tímamót varðandi stöðu þjóðarbrotá og ættbálka, er ekki lengur í hátt við breytta tíma, einkum að því er varðar varðveislu menningararfs og tungu. Kjarni samþykktarinnar var að gera þessum minnihlutahópum kleift að tileinka sér tungu og menningu meiri hlutans. Ekkert Norðurlandanna hefur fullgilt samþykkt 107.

Við slit 75. Alþjóðavinnuálagingsins 1988 voru nokkur grundvallaratriði óleyst. Til dæmis voru miklar deilur í þingnefndinni, sem fjallaði um drög að nýrri alþjóðasamþykkt um þetta málefni, hvort nota ætti hugtakið *peoples* eða *populations* í texta samþykktarinnar. Það var því ljóst að á 76. þinginu yrði tekist á um fjölmörg atriði sem eru viðkvæm fyrir ríki þar sem minnihlutahópar eru margir og fjölmennir.

Í þingnefndinni sátu samtals 74 fulltrúar. Þar af voru 39 fulltrúar ríkisstjórna, 9 fulltrúar atvinnurekenda og 26 fulltrúar launafólks. Að auki sátu fjölmargir áheyrnarfulltrúar fundi nefndarinnar fyrir hönd samtaka þjóðarbrotá, ættbálka og frumbyggja. Frá norðlægum slóðum komu fulltrúar Grænlandinga og Sama.

Nefndin kaus sem formann Bólivíumanninn Espana-Smith sendiherra. Fulltrúi launafólks, J. Svenningsen frá Danmörku, var kosinn varaformaður. Annar Dani, Hans J. Helms, var kosinn ritari. Þess má geta að ritarar flytja allsherjarþinginu skýrslu nefnda.

Starf nefndarinnar hófst með almennum umræðum. Fulltrúar nokkurra ríkja, einkum í Suður-Ameríku, voruðu við því að gengið yrði of langt í samþykktinni þar sem það kæmi í veg að hún yrði almennt fullgild. Fulltrúi Dana hafði orð fyrir ríkisstjórnnum Norðurlandanna í nefndinni. Í ræðu hans kom fram stuðningur við þau drög sem alþjóðavinnuálagingsstofan hafði samið og lágu fyrir. Jafnframt lagði hann áherslu á að samþykktin yrði sveigjanleg, sérstaklega að því er varaði rétt til lands. Margir áheyrnarfulltrúar úr röðum frumbyggja lögðu orð í belg og mæltu eindregið með því að samþykkt nr. 107 yrði endurskoðuð með nýrri alþjóðasamþykkt.

Deilan frá fyrra ári um hugtökin *peoples* eða *populations* hélt áfram í þingnefndinni og um tíma var útlit fyrir að starf nefndarinnar mundi sigla í strand vegna þessa ágreinings. Svo fór þó ekki. Eftir langa samningafundi náðist fullt samkomulag um að nota hugtakið *peoples*, sem er þýtt með orðinu *þjóðflokkar*, með þeirri takmörkun að það feli ekki í sér nein réttindi samkvæmt alþjóðalögum. Þessu til viðbótar las formaðurinn upp yfirlýsingu, sem var tekin upp í skýrslu nefndarinnar, um þann skilning hennar að notkun hugtaksins *þjóðflokkur* feli ekki í sér rétt til sjálfsákvörðunar eins og það hugtak er notað í alþjóðalögum. Þegar þessum áfanga var náð afgreiddi nefndin fyrsta kafla draganna að samþykkt, sem fjallar um gildissvið, með minni háttar breytingum.

Annar kafli samþykktarinnar fjallar um rétt til lands. Þessi hluti samþykktarinnar olli ágreiningi á 75. vinnuálagingsinu og var þá ákveðið að fresta umfjöllun um hann þar til við síðari umræðu. Þetta ágreiningsmál leystist með „málamiðlunarpakka“ sem tók til allra greina kaflans að 2. mgr. 17. gr. undanskilinni en greidd voru atkvæði um breytingartillögu við hana, sem borin var fram af fulltrúum launafólks, um aukna vernd frumbyggja að því er varðar eignarrétt á landi. Eftir langar og strangar umræður var samþykkt að fella út hugtakið *territories* í 15. og 16. gr. gegn því að við 13. gr. bættist eftirfarandi: Orðið *land* í 15. og 16. gr. felur í sér hugtakið *landsvæði*, en það nær til alls umhverfisins á þeim svæðum sem viðkomandi þjóðflokkur byggir eða nýtir með öðrum hætti. Fulltrúar ríkisstjórna Indlands, Kanada og margra Suður-Ameríkúríkja voru því mjög andvígir að nota hugtakið *territories* í 15. og 16. gr. Með viðaukanum við 13. gr. var komið til móts við sjónarmið þeirra. Þess má geta að nokkrir talsmenn frumbyggja fullyrtu að endurskoðaðar 13.–19. gr. feli í sér lakari vernd eignarréttar en kaflinn um land í samþykkt nr. 107. Hins vegar, ef litid er á ákvæðin um

eignarrétt lands í tengslum við aðra kafla í endurskoðuðu samþykktinni, hafa frumbyggjar mun betri tækifæri til að gæta hagsmuna sinna en áður.

Ekki komu fram umtalsverðar athugasemdir við inngang samþykktarinnar eða kafla I til IX (að II. kaflanum undanskildum). Þessir hlutar samþykktarinnar voru afgreiddir einróma í nefndinni.

Við afgreiðslu á allsherjarþinginu kom í ljós að ekki voru allir jafnánægðir með drög þingnefndarinnar. Atkvæði féllu þannig að 328 fulltrúar voru tillöggunni samþykktir, einn var á móti og 49 sátu hjá. Mjög margir tóku ekki þátt í atkvæðagreiðslunni. Vestræn ríki greiddu tillöggunni atkvæði sitt að Bretlandi og Frakklandi undanskildum en þau sátu hjá. Af Suður Ameríkuríkjum greiddu einungis Ekvador, Kólumbía, Mexíkó og Nikaragva atkvæði með en önnur ríki sátu hjá.

Allsherjarþingið samþykkti einróma tillögu frá fulltrúum ríkisstjórna Norðurlanda sem hvetur Alþjóðavinnuálagstofnunina til að grípa til nauðsynlegra aðgerða í því skyni að fylgja eftir hinni nýju alþjóðasamþykkt sem er birt í heild sem fylgiskjal I með þessari skýrslu.

2.7. NÆTURVINNA

Fimmta málefnið á dagskrá vinnuálagþingsins var drög að alþjóðasamþykkt og tillögu um naturvinnu sem var til fyrri umræðu.

Þingnefndin sem fjallaði um þetta málefni var samtals skipuð 188 fulltrúum þegar hún var sem fjölmennust. Formaður var kosinn ríkisstjórnarfulltrúi frá Indónesíu, P.K. Suma'mur. Varaformenn voru N. Noakes, fulltrúi atvinnurekenda frá Ástralíu, og R. Dreifuss, fulltrúi launafólks í Sviss. Af hálfu Íslands sátu Hrafnhildur Stefánsdóttir og Jón Magnússon í nefndinni. Til undirbúnings umræðum hafði alþjóðavinnuálagstofnanin í Genf tekið saman tvær skýrslur, *Night Work V (1)* og *V (2)*.

Í nefndinni var fjallað um þrjú gerninga: Tillögu um viðauka við samþykkt nr. 89 frá árinu 1948, um naturvinnu kvenna í iðnaði, drög að nýrri almennri samþykkt og tillögu um naturvinnu. Í umræðum um þessar tillögur kom fram mikill ágreiningur á milli fulltrúa atvinnurekenda og fulltrúa launafólks. Hinir fyrrnefndu voru því andvígir að ILO afgreiddi nýja alþjóðasamþykkt og tillögu um þetta málefni. Þeir töldu að það mundi draga úr sveigjanleika sem væri atvinnulífinu nauðsynlegur til frekari eflingar, vaxtar og þróunar sem leiddi til fjölgunar atvinnutækifæra. Fulltrúar launafólks voru á öðru máli og töldu að rétt væri að setja strangar reglur um naturvinnu.

Í drögum að alþjóðasamþykkt, sem þingnefndin fjallaði um, er ekki gert ráð fyrir að banna naturvinnu. Í aðfararorðum segir að naturvinna sé óheppileg fyrir heilsu manna og raski félagslegum tengslum og fjölskyldulífi launafólks. Einnig kemur fram að draga skuli úr og bæta fyrir óhagræði og hættur sem fylgi vinnu að næturlagi. Fulltrúar atvinnurekenda gagnrýndu harðlega þetta atriði og héldu því fram að of mikið væri gert úr því að naturvinna væri skaðleg heilsu manna. Þeir bentu einnig á það að í drögum að samþykktinni væri sú staðreynd sniðgengin að naturvinna væri óumflýjanleg í mörgum starfsgreinum, t.d. á sviði ýmiss konar þjónustu. Meðal annars af þessari ástæðu töldu talsmenn atvinnurekenda drögin vera óraunhæf og leggja hömlur á atvinnulífið.

Í tillögu alþjóðavinnuálagstofunnar var lagt til að í einu tilviki verði naturvinna bönnuð, þ.e. í sex mánuði á meðgöngutíma. Fulltrúar margra ríkja gátu ekki samþykkt þessa tillögu með hliðsjón af grundvallarreglunni um jafnrétti kynjanna, m.a. fulltrúar ríkisstjórna Norðurlanda (annarra en Íslands sem ekki átti sæti í nefndinni). Eftir almenna umræðu í nefndinni um þetta atriði samdi starfsfólk alþjóðavinnuálagstofunnar málamiðlunartillögu sem byggir á því að gefa skuli konum sem vinna naturvinnu tækifæri til að velja einn af þremur kostum: að fá annað starf að degi til, sé slíkt gerlegt, lengra barnsburðarleyfi eða tryggingabætur. Enn fremur var samþykkt að bæta inn ákvæði í drögin um að óheimilt væri að segja vanfærri konu upp starfi. Málamiðlunartillaga alþjóðavinnuálagstofunnar hlaut góðar undirtektir og var samþykkt í nefndinni.

Eftir fyrri umræðu er staða þessa málefnis þannig að fulltrúar atvinnurekenda eru því andvígir að Alþjóðavinnuálastofnunin afgreiði alþjóðasamþykkt um næturvinnu. Fulltrúar launafólks voru með fyrirvara um að þeir mundu flytja tillögu á næsta vinnuálagningu um að næturvinna verði skilgreind mun ítarlegar í texta samþykktarinnar en gert er í þeim drögum sem nú liggja fyrir eftir fyrri umræðu. Það má því vænta þess að í odda skerist um þetta málefni á 77. Alþjóðavinnuálagningu sumarið 1990.

2.8. ÞINGSÁLYKTANIR

Heimilt er að leggja fram tillögur til þingsályktunar um málefni sem ekki eru á dagskrá þingsins. Samkvæmt þingsköpum Alþjóðavinnuálagningarsins verða slíkar tillögur að hafa borist forstjóra alþjóðavinnuálagningarskrifstofunnar 15 dögum fyrir þingsetningu. Fjallað er um þingsályktunartillögurnar í ályktunarnefnd (Resolutions Committee) sem er ein af fastanefndum þingsins.

Á 75. Alþjóðavinnuálagningu árið 1988 kom til harðra orðahnippinga í ályktunarnefndinni vegna tillögu til þingsályktunar um vernd réttinda og frelsis atvinnurekenda og launafólks í Palestínu og á öðrum hernumdum arabískum svæðum. Auknir flokkadrættir hafa leitt til fjölgunar fulltrúa í nefndinni. Á þinginu 1988 skipuðu nefndina samtals 218 fulltrúar. Á 76. vinnuálagningu sátu í nefndinni 227 þingfulltrúar. Af þeim voru 88 fulltrúar ríkisstjórna, 62 fulltrúar atvinnurekenda og 77 fulltrúar launafólks. Af hálfu Íslands sátu í nefndinni Kristinn F. Arnason, Gylfi Kristinsson og Guðmundur J. Guðmundsson.

Formaður ályktunarnefndar var kosinn Glaiel, sendiherra frá Sýrlandi. Varaformenn voru Castle, fulltrúi atvinnurekenda í Bandaríkjunum, og Morton, fulltrúi launafólks í Bretlandi.

Nefndinni bárust samtals 15 tillögur til þingsályktunar. Fulltrúar ríkisstjórna Norðurlanda lögðu á ný fram sameiginlega tillögu í því skyni að fylgja eftir tilmælum heimsnefndarinnar um umhverfi og þróun. Fram komu fjórar aðrar tillögur um sama efni. Eftir athugun á tillögnum voru nokkrar sameinaðar. Samkvæmt verklagsreglum nefndarinnar voru greidd atkvæði um það í hvaða forgangs röð tillögurnar yrðu afgreiddar. Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar voru:

1. Umhverfi, þróun og atvinna (tillagan hlaut 2.200.649 vegin atkvæði).
2. Þróun, erlendar skuldir og hlutverk ILO (tillagan hlaut 2.134.673 vegin atkvæði).
3. Vernd réttinda og frelsis atvinnurekenda og launafólks í Palestínu og á öðrum hernumdum arabískum svæðum (tillagan hlaut 1.821.429 vegin atkvæði).
4. Aðgerðir til að auðvelda aðildarríkjunum að taka þátt í Alþjóðavinnuálagningu (441.060 atkvæði).
5. Hlutverk fyrirtækja í atvinnuálastefnu.

Vegna sviptinganna sem urðu í ályktunarnefndinni á 75. þinginu vegna tillögunnar um ástandið í Palestínu beindist athyglin að fyrstu þremur tillögnum. Á því þingi lenti sú tillaga í fyrsta sæti og umhverfistillagan í fjórða sæti. Þrátt fyrir að Palestínutillagan hafi lent í fyrsta sæti í forvalinu tókst nefndinni ekki að ljúka afgreiðslu hennar vegna ágreinings á milli fulltrúa vestrænna ríkja og araba um orðalag. Nefndin afgreiddi þar af leiðandi enga tillögu til allsherjarþingsins. Þegar niðurstaða forvalsins á 76. Alþjóðavinnuálagningu lá fyrir var ákveðið að samráðsfundi vestrænna ríkja (IMEC-ríkja) að skipa fulltrúa í nefnd sem tæki upp viðræður við fulltrúa araba í nefndinni, sem höfðu lagt fram fjölda breytingartillagna, þar sem þess yrði freistað að ná samkomulagi um orðalag þriggja fyrstu tillagnanna og um leið afgreiðslu þeirra. Þetta var ýmsum erfiðleikum háð. Það sem flækti málið var tillagan sem lenti í öðru sæti, um erlendar skuldir, sem flutt var af fulltrúum Suður-Ameríkuríkja. Nokkur vestræn ríki áttu í erfiðleikum með að samþykkja óbreytt orðalag þessarar tillögu. Samkomulag tókst ekki þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Annað árið í röð lauk ályktunarnefndin störfum án þess að afgreiða tillögu til allsherjarþingsins.

Ástandið í ályktunarnefndinni er farið að valda nokkrum áhyggjum. Starf nefndarinnar er lamað. Fulltrúar araba virðast ætla að beita málþófi til að þvinga nefndina til að afgreiða tillögu um ástandið í Palestínu, m.a. með því að koma í veg fyrir afgreiðslu annarra tillagna. Þetta geta ýmsir ekki fellt sig við og benda á að deildumál araba og Ísraelsmanna falli utan verksviðs Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar og séu til umfjöllunar hjá öðrum stofnunum Sameinuðu þjóðanna. Af þeirri ástæðu hafa þeir lagst gegn öllum tillögum um þetta efni. Annað atriði sem hefur skipt máli í þessu sambandi er ákvæði í tillögu araba um að stofnuð verði ný fastanefnd á Alþjóðavinnuálagþinginu sem fjalli árlega um þróun mála á hernumdu svæðunum í Palestínu. Fastanefndin starfi með líku sniði og þingnefndin um málefni Suður-Afríku. Í röðum fulltrúa vestrænna ríkja er hörð andstaða gegn þessari hugmynd þar sem hún er talin leiða til aukins skrifræðis.

Eins og nærri má geta voru fulltrúar Norðurlanda óánægðir með það að tillagan um umhverfi og þróun náði ekki fram að ganga þrátt fyrir þá breiðu samstöðu sem hafði tekist um hana. Búið var að leggja mikla vinnu í samningu tillögunnar og hafði hún verið til umfjöllunar á nokkrum norrænum samráðsfundum um málefni Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar. Þótt tillagan hafi ekki hlotið afgreiðslu á Norðmaðurinn Björnar Utheim, sem hafði orð fyrir fulltrúum ríkisstjórna Norðurlanda í þessu máli, þakkar skilið.

2.9. NOTKUN EFNASAMBANDA Á VINNUSTÖÐUM

Drög að alþjóðasamþykkt um meðferð efnasambanda á vinnustöðum var til fyrri umræðu á þinginu í sérstakri nefnd. Alþjóðavinnuálagstofnanin hafði tekið saman skýrslu um þetta málefni sem byggð var á svörum aðildarríkjanna við spurningalista sem þeim var sendur sumarið 1988. Skýrslan ber heitið *Safety in the use of chemicals at work – Report VI (2)*.

Í nefndinni áttu sæti samtals 155 fulltrúar, þar af 67 ríkisstjórnarfulltrúar, 40 voru fulltrúar atvinnurekenda og 48 fulltrúar launafólks. Formaður var kosinn ríkisstjórnarfulltrúi Nígeríu, R.O. Adewoya. Varaformenn voru kosnir úr röðum fulltrúa aðila vinnuálagstofnunarinnar. Þeir voru: M.J. Wright, sem var fulltrúi atvinnurekenda, og M.M. Tarnow, fulltrúi launafólks, báðir frá Bandaríkjunum.

Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins, sat fundi þingnefndarinnar sem fjallaði um þetta málefni í um helming þess tíma sem nefndin starfaði.

Í meginatriðum gekk starf nefndarinnar vel. Ágreiningsmál sem upp komu á milli aðila vinnuálagstofnunarinnar voru leyst með málamiðlunum. Þótt starfið í nefndinni hafi gengið vel setti hún met í fjölda breytingartillagna við drög að alþjóðasamþykkt og tillögu sem lágu fyrir nefndinni. Samtals komu fram 479 breytingartillögur. Mikilvægustu atriði þeirra draga að alþjóðasamþykkt sem nú liggja fyrir eru:

Markmið nýrrar samþykktar um meðferð efnasambanda verður að draga úr slysum og atvinnusjúkdómum af þeirra völdum á vinnustöðum. Einnig að stuðla að því að efni séu metin í þeim tilgangi að ákvarða hættu af þeirra völdum, tryggja að atvinnurekendur fái upplýsingar um rétta meðferð frá framleiðanda og að starfsmenn fái fræðslu um efni á vinnustað og um varnaraðgerðir til að draga úr hugsanlegri skaðsemi þeirra.

Samkvæmt drögum að samþykktinni skulu aðildarríki samþykktarinnar móta heildarstefnu í samvinnu við aðila vinnuálagstofnunarinnar um örugga meðferð efnasambanda á vinnustöðum. Í þeim eru settar fram tillögur um verndar- og varnaraðgerðir á þessu sviði.

Samþykktin á að taka til allrar atvinnustarfsemi þar sem efnasambönd eru notuð. Hins vegar geta stjórnvöld í samráði við aðila vinnuálagstofnunarinnar undanþegið ákveðnar iðngreinar frá gildissviði samþykktarinnar.

Samþykktin heimilar stjórnvöldum að setja reglur til verndar iðnaðarleyndarmálum en jafnframt verði ákvæði er veiti fulltrúum launafólks aðgang að nauðsynlegum upplýsingum sem snerta öryggi og heilsu starfsmanna.

Í samþykktinni er hugtakið „hættuleg efnasambönd“ notað í þeim tilvikum þar sem reglur og kerfi liggja til grundvallar því að flokka þau sem heilsuspillandi.

Til viðbótar kröfum um merkingar og vörulýsingu á heilsuspillandi efnum eru í drögum að samþykktinni ákvæði um upplýsingaskyldu um efnasambönd annarra efna, vöruheiti og nafn framleiðanda.

Nefndin samþykkti ályktun þar sem alþjóðavinnuáskrifstofunni var falið að taka frumkvæði í viðræðum við aðrar stofnanir til að tryggja samræmdar kröfur og meðferð og merkingar á efnasamböndum í því skyni að koma í veg fyrir slys á starfsmönnum sem vinna með þessi efni. Óskað var eftir skýrslu um árangur við fyrsta tækifæri.

2.10. ÖNNUR MÁLEFNI

Kynþáttaaðskilnaðarstefnan.

Kynþáttastefna stjórnvalda Suður-Afríku hefur verið til umfjöllunar árlega í sérstakri nefnd á Alþjóðavinnuálagningu frá árinu 1981. Á 76. þinginu áttu samtals 60 fulltrúar sæti í nefndinni: 20 ríkisstjórnarfulltrúar, 20 fulltrúar launafólks og 20 fulltrúar atvinnurekenda. Ríkisstjórnir Norðurlanda hafa átt einn fulltrúa í nefndinni og skipaði fulltrúi Noregs það sæti. Formaður var kosinn vinnuáráðherra Senegal, M. Ndoye. Varaformenn voru kosnir úr röðum fulltrúa aðila vinnuálagningarinnar. Þeir voru: B. Hernandez, sem var fulltrúi atvinnurekenda á Filippseyjum, og R. Mercier, fulltrúi launafólks í Kanada.

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með framkvæmd yfirlýsingar ILO frá árinu 1961 um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna. Samkvæmt henni ber aðildarríkjunum að senda alþjóðavinnuáskrifstofunni upplýsingar um aðgerðir sem þau hafa gripið til í því skyni að vinna gegn þessari stefnu. Þessar upplýsingar eru teknar saman í skýrslu forstjóra ILO til Alþjóðavinnuálagningarsins sem er til umfjöllunar í nefndinni.

Samstarf við fulltrúa annarra ríkja.

Að venju átti íslenska sendinefndin á þinginu góð samskipti við fulltrúa annarra vestrænna ríkja á þinginu, einkum Norðurlandanna. Norrænu ríkisstjórnarfulltrúarnir fluttu annað árið í röð sameiginlega tillögu um atvinnu og þróun sem byggir á helstu niðurstöðum í svonefndri Brundtland-skýrslu. Einnig skiptust fulltrúarnir á að gera grein fyrir afstöðu landanna til einstakra málefna sem voru til umfjöllunar. Samtals voru haldnir fjórir samráðsfundir fulltrúa ríkisstjórna Norðurlanda á þingtímanum.

Fulltrúar ríkisstjórna vestrænna iðnríkja, svonefndur IMEC-hópur, áttu einnig með sér náð samstarf á þinginu. Þessi hópur hittist daglega, stundum tvisvar á dag, á samráðsfundum þar sem farið var yfir þau málefni sem voru efst á baugi. Á þinginu 1989 hélt hópurinn óvenjumarga fundi vegna stöðunnar í ályktunarnefndinni. Einnig voru haldnir samráðsfundir með fulltrúum sem áttu sæti í nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktar. Á þeim fundum var farið yfir kærsmål á hendur ríkisstjórnnum vestrænna ríkja sem voru á dagskrá þingnefndarinnar.

Fylgiskjal I.**Samþykkt nr. 169, um frumbyggja og ættflokka í sjálfstæðum ríkjum.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, sem kom saman til 76. þingsetu sinnar í Genf 7. júní 1989 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnuálagstofunnar, gefur gaum að alþjóðlegum stöðlum í Samþykkt og Tillögu um frumbyggja og þjóðflokka frá 1957 og

minnist ákvæða Mannréttindayfirlýsingarinnar, alþjóðlegs sáttmála um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, alþjóðlegs sáttmála um borgaraleg og pólitísk réttindi og ýmissa alþjóðlegra gjörninga um hvernig koma skuli í veg fyrir misrétti og

tekur tillit til þess að sú þróun sem hefur orðið á alþjóðalögum síðan 1957 og sú þróun á aðstæðum frumbyggja og ættflokka sem orðið hefur um allan heim hefur leitt til þess að nú er tímabært að setja nýja alþjóðlega staðla um þetta efni í því skyni að nema úr gildi ákvæði eldri staðla um aðlögun og

viðurkennir óskir slíkra þjóðflokka um að fá að stjórnna eigin stofnunum, lífsháttum og efnahagsþróun og þróa sérkenni sín, tungumál og trúarbrögð innan þess ríkis þar sem þeir búa og gefur gaum að því að í ýmsum heimshlutum fá slíkir þjóðflokkar ekki notið almennra mannréttinda í sama mæli og aðrir þegnar ríkjanna þar sem þeir búa og að lög þeirra, lífsgildi, siðvenjur og sjónarmið hafa oft orðið að lúta í lægra haldi og

vekur athygli á hinu einstæða framlagi frumbyggja og ættflokka til fjölbreytni í menningu og félagslegri og vistfræðilegri eindrægni mannkyns og alþjóðlegrar samvinnu og skilningi og gefur gaum að því að eftirfarandi ákvæði hafa verið samin í samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, svo og Samtök indíána í Ameríku, á videigandi stigum og viðkomandi sviðum, og að lagt er til að slíki samvinnu verði haldið áfram í því skyni að stuðla að og tryggja framgang þessara ákvæða og

þar eð þingið hefur samþykkt tiltekna ábendingar varðandi endurskoðun að hluta á Samþykkt um frumbyggja og ættflokka frá 1957 (nr. 107), sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, sem er endurskoðun á Samþykkt um frumbyggja og ættflokka frá 1957,

gerir þingið í dag, 27. júní 1989, eftirfarandi samþykkt sem nefna má Samþykkt um frumbyggja og ættflokka, 1989:

I. Almenn stefnumótun.

1. Þessi samþykkt á við um: 1. gr.

- a. ættflokka í sjálfstæðum ríkjum sem búa við félagslegar, menningarlegar og efnahagslegar aðstæður sem greina þá frá öðrum þegnum þjóðfélagsins, og staða þeirra mótast að öllu eða nokkru leyti af þeirra eigin siðum eða venjum eða af sérstökum lögum eða reglugerðum;
- b. þjóðflokkar í sjálfstæðum ríkjum sem teljast vera frumbyggjar vegna þess að þeir eru komnir af fólki sem hefur búið í landinu eða er úr þeim heimshluta sem ríkið er í þegar landið var tekið herskildi eða gert að nýlendu eða þegar nügildandi landamæri voru ákveðin og, hver sem lagaleg staða þeirra er, halda í heiðri sumum eða öllum félagslegum, efnahagslegum, menningarlegum og pólitískum stofnunum sínum.

2. Vitund um að tilheyra frumbyggjum eða ættflokki skal teljast grundvallarforsenda þess að afmarka þá hópa sem ákvæði þessarar samþykktar taka til.

3. Notkun hugtaksins „þjóðflokkur“ í þessari samþykkt má ekki túlka á þann veg að það feli í sér nokkur réttindi samkvæmt alþjóðalögum.

2. gr.

1. Ríkisstjórnir skulu bera ábyrgð á því að þróa, í samvinnu við viðkomandi þjóðflokka, samræmdar og skipulegar aðgerðir í því skyni að vernda rétt slíkra þjóðflokka og tryggja að sjálfræði þeirra sé virt.

2. Meðal slíkra aðgerða skulu nefndar ráðstafanir til að:

- a. tryggja að fólk af slíkum þjóðflokkum njóti með sama hætti og aðrir þegnar þjóðfélagsins réttinda og tækifæra sem lög og reglur þess veita;
- b. stuðla að því að slíkir þjóðflokkar njóti til fulls félagslegra, efnahagslegra og menningarlegra réttinda, þannig að tillit sé tekið til félagslegra og menningarlegra sérkenna þeirra, siða, venja og stofnana;
- c. aðstoða einstaklinga af slíkum þjóðflokkum við að eyða félags- og efnahagslegum mun á frumbyggjum og öðrum þegnum þjóðfélagsins, með þeim hætti sem samrýmist væntingum þeirra og lífsháttum.

3. gr.

1. Frumbyggjar og ættflokkar skulu njóta fullra mannréttinda og grundvallarfrelsis án hindrana eða mismununar. Ákvæði samþykktarinnar eiga við um karlmenn og konur af slíkum þjóðflokkum án mismununar.

2. Ekki skal beita neins konar valdi eða þvingunum sem brjóta í bága við mannréttindi og grundvallarfrelsi hlutaðeigandi þjóðflokka, þar með talin réttindi sem felast í þessari samþykkt.

4. gr.

1. Geraskal sérstakar ráðstafanir í því skyni að vernda einstaklinga af slíkum þjóðflokkum, stofnanir þeirra, eigur, störf, menningu og umhverfi eftir því sem við á.

2. Slíkar sérstakar ráðstafanir skulu ekki brjóta í bága við óskir hlutaðeigandi þjóðflokka sem þeir hafa látið í ljósi af frjálsum vilja.

3. Slíkar ráðstafanir skulu ekki takmarka með neinum hætti almenn borgararéttindi og ekki stuðla að mismunun.

5. gr.

Við beitingu ákvæða þessarar samþykktar skal:

- a. viðurkenna og vernda félagslegt, menningarlegt, trúarlegt og andlegt gildismat og siði slíkra þjóðflokka og taka fullt tillit til eðlis þeirra vandamála sem við þeim blasa, bæði sem hópa og einstaklinga;
- b. virða gildismat, siði og stofnanir slíkra þjóðflokka;
- c. fylgja stefnu sem stuðlar að því að draga úr erfiðleikum slíkra þjóðflokka er þeir standa frammi fyrir nýjum aðstæðum varðandi líf skjör og störf og skal það gert með þátttöku og í samvinnu við hlutaðeigandi þjóðflokka.

6. gr.

1. Við beitingu ákvæða þessarar samþykktar skulu ríkisstjórnir:

- a. hafa samráð við viðkomandi þjóðflokka með viðeigandi hætti, einkum með því að hafa samband við stofnanir þeirra þegar í ráði er að gera ráðstafanir sem varða lagasetningu eða aðgerðir framkvæmdarvaldsins og geta snerta þá beint;
- b. skapa þá aðstöðu að slíkir þjóðflokkar geti hindrunarlaust tekið þátt í ákvarðanatöku á öllum stigum í stofnunum sem kosið er til og ákvörðunum framkvæmdarvalds, svo og annarra stofnana, ábyrgum fyrir stefnu og áætlunum sem þá snerta, a. m. k. að sama marki og öðrum þegnum þjóðfélagsins;
- c. gera ráðstafanir til þess að eigin stofnanir og frumkvæði slíkra þjóðflokka fái notið sín til fulls og, þar sem það á við, skapa aðstæður sem nauðsynlegar eru í þessum tilgangi.

2. Það samráð sem fram fer við framkvæmd þessarar samþykktar skal eiga sér stað í góðri trú og með þeim hætti sem hentar aðstæðum í því skyni að ná samkomulagi um eða fá samþykki fyrir þeim ráðstöfunum sem lagt er til að gerðar verði.

7. gr.

1. Hlutaðeigandi þjóðflokkar skulu hafa rétt til að ákveða á hvað þeir leggja mesta áherslu varðandi þróun sem snertir líf þeirra, trú, stofnanir, andlega velferð og það landsvæði sem þeir byggja eða nýta með öðrum hætti og að hafa stjórn á, að svo miklu leyti sem við verður komið, eigin efnahagslegri, félagslegri og menningarlegri þróun. Auk þess skulu þeir taka þátt í mótun, framkvæmd og mati á áformum og áætlunum á landsvísu eða innan tiltekinnna svæða sem gætu haft bein áhrif á þá.

2. Bætt líf skjör og starfskjör, svo og bætt heilsufar og menntun viðkomandi þjóðflokka, með þátttöku þeirra og samvinnu, skulu hafa forgang í verkefnum um heildarþróun í efnahagsmálum á þeim svæðum sem þeir byggja. Sérstök þróunarverkefni á viðkomandi svæðum skulu einnig vera með þeim hætti að þau stuðli að slíkum endurbótum.

3. Ríkisstjórnir skulu tryggja, hvenær sem það á við, að kannanir séu gerðar, í samvinnu við viðkomandi þjóðflokka, til að meta hvaða félagsleg, andleg og menningarleg áhrif, svo og áhrif varðandi umhverfismál, þau þróunarverkefni, sem áætluð eru, munu hafa á þá. Niðurstöður þessara kannana skulu vera taldar grundvallarforsendur slíkra framkvæmda.

4. Ríkisstjórnir skulu gera ráðstafanir, í samvinnu við hlutaðeigandi þjóðflokka, í því skyni að vernda og varðveita umhverfi á þeim svæðum sem þeir byggja.

8. gr.

1. Við beitingu landslaga og reglugerða um hlutaðeigandi þjóðflokka skal taka viðeigandi tillit til siðvenja þeirra eða hefðbundinna laga.

2. Slíkir þjóðflokkar skulu hafa rétt til að hafa sína eigin siði og stofnanir, þar sem slíkt stangast ekki á við grundvallarréttindi samkvæmt landslögum, og mannréttindi eins og þau eru viðurkennd í alþjóðalögum. Ákveða skal hvaða háttur skal hafður á, ef þörf krefur, til þess að jafna ágreining sem kann að koma upp af þessum sökum.

3. Beiting ákvæða 1. og 2. tölul. þessarar greinar skal ekki koma í veg fyrir að einstaklingar af slíkum þjóðflokkum fái notið þeirra réttinda sem allir þegnar hafa og takist á herðar þær skyldur sem þær hafa í för með sér.

9. gr.

1. Að svo miklu leyti sem það samrýmist landslögum og mannréttindum, sem viðurkennd eru í alþjóðalögum, skulu hefðbundnar venjur hlutaðeigandi þjóðflokka virtar þegar einstaklingar innan vébanda þeirra fremja afbrot.

2. Yfirvöld og dómstólar, sem fá slík refsímál til meðferðar, skulu hafa hliðsjón af venjum hlutaðeigandi þjóðflokka.

10. gr.

1. Við beitingu refsinga samkvæmt almennum lögum gagnvart einstaklingum af þessum þjóðflokkum skal tekið tillit til efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra sérkenna þeirra.

2. Að öðru jöfnu skal fremur beita öðrum refsingum en fangelsisvist.

11. gr.

Bannað er og refsivert lögum samkvæmt að ætlast til skyldubundinnar persónulegrar þjónustu af nokkru tagi af hálfu einstaklinga af hlutaðeigandi þjóðflokkum, nema í þeim tilvikum þar sem lög mæla fyrir um slíkt varðandi alla þegna.

12. gr.

Hlutaðeigandi þjóðflokk skal vernda gegn því að gengið sé á rétt hans og getur hann hafið málsókn, jafnt hver einstaklingur sem þær stofnanir sem koma fram sem fulltrúar þeirra, í því skyni að vernda slík réttindi. Gera skal ráðstafanir í því skyni að tryggja að einstaklingar af slíkum þjóðflokkum geti skilið það sem fram fer í dómsmálum og að þeir geti gert sig skiljanlega, ef þörf krefur, með því að sjá þeim fyrir túlkun eða með öðrum hætti sem kemur þeim að gagni.

II. Land.

13. gr.

1. Við beitingu ákvæða þessa hluta samþykktarinnar skulu ríkisstjórnir virða mikilvægi þeirra tengsla sem hlutaðeigandi þjóðflokka hafa við landið eða svæðin sem þeir byggja eða nýta með öðrum hætti hvað varðar menningu og andleg verðmæti þeirra, eða bæði þar sem það á við, einkum hvað varðar áhrif slíkra tengsla á þjóðflokkinn í heild.

2. Orðið „land“ í 15. og 16. gr. felur í sér hugtakið landsvæði, en það tekur til alls umhverfis á þeim svæðum sem hlutaðeigandi þjóðflokkur byggir eða hann nýtir með öðrum hætti.

14. gr.

1. Eignarréttur og eignarhald hlutaðeigandi þjóðflokka á því landi sem þeir hafa notað samkvæmt hefð skal virtur. Enn fremur skal gera ráðstafanir í viðeigandi tilfellum í því skyni að vernda rétt hlutaðeigandi þjóðflokka til þess að nýta land sem þeir byggja ekki einir en hafa samkvæmt hefð haft aðgang að sér til lífsviðurværis og til hefðbundinna athafna. Í þessu sambandi skal tekið sérstakt tillit til aðstæðna hirðingja og þeirra sem færa sig reglulega um set milli ræktunarsvæða.

2. Ríkisstjórnir skulu gera ráðstafanir til þess að skilgreina hvaða landsvæði hlutaðeigandi þjóðflokkur býr á samkvæmt hefð og tryggja eignarrétt hans og eignarhald.

3. Hafa skal viðunandi réttarreglur innan réttarkerfis hvers ríkis til þess að taka til meðferðar landakröfur hlutaðeigandi þjóðflokka.

15. gr.

1. Réttur hlutaðeigandi þjóðflokka til náttúruauðlinda á landi þeirra skal sérstaklega verndaður. Þessi réttur er m.a. fólgin í því að taka þátt í nýtingu, stjórnun og verndun slíkra náttúruauðlinda.

2. Í þeim tilvikum þar sem ríkið hefur eignarrétt á jarðefnum á yfirborði jarðar eða neðan jarðar eða rétt til annarra auðlinda í tengslum við landsvæðið skulu ríkisstjórnir stofna til eða viðhalda tilteknum reglum til þess að hafa samráð við slíka þjóðflokka í því skyni að ganga úr skugga um hvort og að hve miklu leyti gengið kunni á rétt þeirra áður en hafist verður handa um eða leyfðar verða nokkrar áætlanir í því skyni að kanna eða nýta slíkar auðlindir sem vera kunna á landi þeirra. Hlutaðeigandi þjóðflokka skulu, þar sem því verður við komið, einnig hafa hag af slíkum aðgerðum og fá sanngjarnar bætur fyrir hvers konar tjón sem þeir kunna að verða fyrir vegna slíkra aðgerða.

16. gr.

1. Hlutaðeigandi þjóðflokka skulu ekki fluttir brott af þeim landsvæðum sem þeir byggja nema með þeim undantekningum sem tilgreindar eru í næstu tölulíðum.

2. Ef nauðsynlegt telst að flytja slíka þjóðflokka til annarra landsvæða í undantekningar-tilvikum skal slíkur flutningur fara fram með fullu samþykki þeirra eftir að þeim hefur verið gerð grein fyrir ástæðunum fyrir honum. Ef ekki reynist unnt að fá samþykki þeirra skal slíkur flutningur ekki fara fram fyrr en að lokinni viðeigandi málsmeðferð samkvæmt landslögum og

reglugerðum, þar með töldum opinberum rannsóknum þegar það á við, þar sem málsvörum hlutaðeigandi þjóðflokka gefst tækifæri til að tala máli þeirra.

3. Ef mögulegt er að koma því við skulu slíkir þjóðflokkar hafa rétt til þess að snúa aftur til hefðbundinna heimkynna sinna jafnskjótt og ástæður til brottflutnings eru ekki lengur fyrir hendi.

4. Ef slíkum þjóðflokkum reynist ekki unnt að snúa aftur til fyrri heimkynna, samkvæmt ákvæðum samkomulags eða, ef slíkt samkomulag hefur ekki verið gert, með viðeigandi aðgerðum, skal í öllum tilvikum sjá þeim fyrir landsvæði sem hefur gæði og lagalega stöðu sem er a. m. k. jafnmikil og landsvæðin sem þeir byggðu áður og henta til að fullnægja núverandi þörfum þeirra og framtíðarþróun. Í þeim tilvikum þegar hlutaðeigandi þjóðflokkar láta í ljósi að þeir vilji heldur fá fébætur eða bætur í fríðu skulu þeir fá slíkar bætur með viðeigandi tryggingum.

5. Einstaklingar, sem þannig eru fluttir til annars landsvæðis, skulu fá fullar bætur vegna hvers konar tjóns eða skaða sem þeir hljóta af því.

17. gr.

1. Virða skal þær reglur sem settar hafa verið um tilfærslu eignarréttar á landi milli einstaklinga innan hlutaðeigandi þjóðflokka.

2. Hafa skal samráð við hlutaðeigandi þjóðflokk þegar til álita kemur hvort þeir vilji afsala sér eignarrétti á landi sínu eða að flytja hann til annarra sem standa utan þjóðfélags þeirra.

3. Koma skal í veg fyrir að fólk, sem er ekki af slíkum þjóðflokkum, nýti sér siði þeirra eða þekkingarskort einstaklinga innan vébanda þeirra á lögum í því skyni að tryggja sér eignarrétt, eignarhald eða nýtingu lands sem tilheyrir þeim.

18. gr.

Ákveða skal viðeigandi viðurlög samkvæmt lögum vegna óheimils átroðnings eða nýtingar á landi hlutaðeigandi þjóðflokks og skulu ríkisstjórnir gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir slík brot.

19. gr.

Í landbúnaðaráætlunum, sem ná til alls landsins, skal hlutaðeigandi þjóðflokkum tryggður jafn réttur á við aðra þegna þjóðfélagsins varðandi:

- a. útvegum meira landsvæðis fyrir slíka þjóðflokka þegar þeir hafa ekki yfir að ráða nauðsynlegu jarðnæði til þess að afla sér lífsviðurværis eða gera ráð fyrir hugsanlegri fjölgun einstaklinga innan sinna vébanda;
- b. útvegum þess sem þarf til að stuðla að þróun þeirra landsvæða sem slíkir þjóðflokkar eiga þegar.

III. Ráðningar og starfskjör.

20. gr.

1. Ríkisstjórnir skulu, innan marka landslaga og reglugerða og í samvinnu við hlutaðeigandi þjóðflokk, gera sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja virka verndun launafólks af slíkum þjóðflokkum hvað varðar ráðningar og starfskjör, að því marki sem það nýtur ekki virkrar verndar laga sem ná til alls launafólks.

2. Ríkisstjórnir skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að koma í veg fyrir mismunun milli launafólks af hlutaðeigandi þjóðflokkum og annars launafólks, einkum hvað varðar:

- a. aðgengi að störfum, þar með talið störfum sem útheimta sérþekkingu, svo og ráðstafanir til stöðuhækkunar og frama í starfi;

- b. sömu laun fyrir sömu vinnu;
 - c. læknisfræðilega og félagslega hjálp, öryggi og hollustuhætti við vinnu, allar bætur almannatrygginga og aðrar bætur sem tengjast atvinnu, svo og húsnæðismál;
 - d. rétt til að stofna félög, frelsi til allrar löglegrar starfsemi stéttarféлага og rétt til að gera almenna kjarasamninga við atvinnurekendur eða samtök þeirra;
3. Slíkar ráðstafanir skulu fela í sér ráðstafanir til þess að tryggja:
- a. að launafólk af slíkum þjóðflokkum, þar með talið það sem vinnur árstíðabundna vinnu, íhlaupavinnu, og farandverkamenn við landbúnaðarstörf og aðra vinnu, svo og þeir sem starfa hjá verktökum sem taka að sér að útvega vinnuafli, njóti þeirrar verndar sem kveðið er á um í landslögum og samkvæmt venjum í þágu annars launafólks á sama sviði og að það fái fyllstu upplýsingar um réttindi sín samkvæmt vinnulöggjöf og hverra kosta það á vól ef það telur á sér brotið;
 - b. að launafólk af slíkum þjóðflokkum sé ekki látið vinna við aðstæður sem eru hættulegar heilsu þess, einkum hvað varðar áhrif frá skordýraeitri eða öðrum eiturefnum;
 - c. að launafólk af slíkum þjóðflokkum verði ekki fyrir þvingunum við ráðningar, þar með talin skylduvinna og annars konar þjónusta til að greiða skuldir;
 - d. að launafólk af slíkum þjóðflokkum njóti sömu réttinda og sömu meðferðar við störf sín, hvort sem um er að ræða karla eða konur, svo og verndar gegn kynferðislegri áreitni.
4. Þess skal einkum gætt að stofna til fullnægjandi vinnueftirlits á þeim svæðum þar sem launafólk af hlutaðeigandi þjóðflokkum er ráðið til daglaunavinnu, í því skyni að tryggja að farið sé að ákvæðum þessa hluta samþykktarinnar.

IV. Starfsþjálfun, handiðnir og iðnaður í dreifbýli.

21. gr.

Einstaklingar af hlutaðeigandi þjóðflokkum skulu fá a.m.k. sömu tækifæri til starfsþjálfunar og aðrir þegnar þjóðfélagsins.

22. gr.

1. Gera skal ráðstafanir til þess að hvetja einstaklinga í hlutaðeigandi þjóðflokkum til þátttöku í áætlunum um almenna starfsþjálfun.

2. Þegar þær áætlanir um almenna starfsþjálfun sem fyrir hendi eru fullnægja ekki sérþörfum hlutaðeigandi þjóðflokka, skulu ríkisstjórnir, með þátttöku þessara þjóðflokka, sjá fyrir sérstökum þjálfunaráætlunum og aðstöðu vegna þeirra.

3. Allar sérstakar þjálfunaráætlanir skulu byggðar á efnahagsaðstæðum og félagslegum og menningarlegum aðstæðum og raunverulegum þörfum hlutaðeigandi þjóðflokka. Kannanir, sem kunna að verða gerðar í þessu sambandi, skulu gerðar í samvinnu við þessa þjóðflokka og þeir skulu hafðir með í ráðum um skipulagningu og framkvæmd slíkra áætlana. Þar sem það er talið æskilegt skulu slíkir þjóðflokkar smám saman gerast ábyrgir fyrir skipulagningu og framkvæmd slíkra sérstakra þjálfunaráætlana, ef þeir ákveða það.

23. gr.

1. Handiðnir, iðnaður í dreifbýli og iðnaður sem tengdur er tilteknu samfélagi, sjálfsþurftarþúskapur og hefðbundin störf hlutaðeigandi þjóðflokka, svo sem dýraveiðar, fiskveiðar, loðdýraveiðar og söfnun, skulu viðurkennd sem mikilvægir þættir í viðhaldi menningar þeirra og efnahagslegu sjálfstæði þeirra og þróun. Ríkisstjórnir skulu, með þátttöku slíkra þjóðflokka og þegar það á við, tryggja að stuðlað sé að slíkri starfsemi og hún efla.

2. Eftir beiðni hlutaðeigandi þjóðflokka skal þeim veitt viðeigandi tæknileg og fjárhagsleg aðstoð þegar því verður við komið og sé þá tekið tillit til hefðbundinnar tækni og menningarlegra sérkenna slíkra þjóðflokka, svo og mikilvægis þess að viðhalda eðlilegri þróun.

V. Almannatryggingar og heilbrigðismál.

24. gr.

Reglur um almannatryggingar skulu smám saman vera látnar ná til hlutaðeigandi þjóðflokka og þeim beitt án þess að þeim sé mismunað.

25. gr.

1. Ríkisstjórnir skulu tryggja að viðunandi heilbrigðisþjónusta sé veitt slíkum þjóðflokkum eða veita þeim aðstöðu til þess að móta og framkvæma slíka þjónustu á eigin ábyrgð og undir eigin stjórn, þannig að þeir fái notið fyllstu líkamlegrar og andlegrar heilsu.

2. Heilbrigðisþjónustan skal, að svo miklu leyti sem því verður við komið, veitt í byggðarlögum hlutaðeigandi þjóðflokka. Þjónustan skal skipulögð og henni stjórnað í samvinnu við hlutaðeigandi þjóðflokk og skal taka tillit til efnahagslegrar, landfræðilegrar, félagslegrar og menningarlegrar aðstöðu þeirra, svo og hefðbundinnar heilsugæslu, lækninga- aðferða og lyfja.

3. Heilsugæsluþjónustan skal leggja megináherslu á þjálfun og ráðningu heilsugæslustarfsfólks úr viðkomandi byggðarlögum og leggja áherslu á undirstöðuatriði heilsugæslu en hafa jafnframt góð tengsl við önnur svið heilbrigðisþjónustunnar.

4. Slík heilbrigðisþjónusta skal samræmd öðrum ráðstöfunum á sviði félagslegra, efnahagslegra og menningarlegra ráðstafana í landinu.

VI. Menntun og samskiptaleiðir.

26. gr.

Ráðstafanir skulu gerðar til að tryggja að einstaklingar af hlutaðeigandi þjóðflokkum fái a.m.k. sömu tækifæri til að afla sér menntunar á öllum stigum skólakerfisins og aðrir þegnar.

27. gr.

1. Áætlanir um menntun og þjónustu fyrir hlutaðeigandi þjóðflokka skulu gerðar og framkvæmdar í samvinnu við þá í því skyni að fullnægja sérstökum þörfum þeirra og skulu þær fjalla um sögu þeirra, þekkingu og tækni, lífsgildi, svo og frekari félagslegar, efnahagslegar og menningarlegar væntingar þeirra.

2. Hlutaðeigandi stjórnvald skal tryggja þjálfun einstaklinga af slíkum þjóðflokkum og þátttöku þeirra í mótun og framkvæmd menntunaráætlana í því skyni að flytja ábyrgðina af framkvæmd slíkra áætlana smám saman til slíkra þjóðflokka eftir því sem við á.

3. Auk þess skulu ríkisstjórnir viðurkenna rétt slíkra þjóðflokka til þess að koma á fót sínum eigin menntastofnunum og aðstöðu, svo fremi slíkar stofnanir fullnægi lágmarkskröfum hlutaðeigandi yfirvalds í samráði við viðkomandi þjóðflokk. Veita skal viðhlítandi fjármagn og/eða aðstöðu í þessu skyni.

28. gr.

1. Börnum af slíkum þjóðflokkum skal, þar sem því verður við komið, kennt að lesa og skrifa á eigin tungumáli frumbyggja eða því tungumáli sem almennt er notað í þeim hópi sem þau tilheyra. Þar sem þessu verður ekki við komið skal hlutaðeigandi stjórnvald hafa samráð við viðkomandi þjóðflokka í því skyni að gera ráðstafanir til þess að ná slíku markmiði.

2. Gera skal viðunandi ráðstafanir til þess að tryggja að slíkum þjóðflokkum gefist tækifæri til þess að ná færni í þjóðtungunni eða einu af tungumálum þjóðarinnar.

3. Gera skal ráðstafanir til þess að vernda og stuðla að þróun og þjálfun í frumbyggjamáli hlutaðeigandi þjóðflokka.

29. gr.

Markmiðið með menntun slíkra þjóðflokka skal vera að veita almenna þekkingu og færni sem hjálpar börnum af hlutaðeigandi þjóðflokkum til að verða fullgildir þegnar í eigin samfélagi á jafnréttisgrundvelli, svo og í þjóðfélaginu almennt.

30. gr.

1. Ríkisstjórnir skulu gera ráðstafanir í samræmi við siðvenjur og menningu hlutaðeigandi þjóðflokka í því skyni að kynna þeim réttindi þeirra og skyldur, einkum hvað varðar atvinnu, efnahagsleg tækifæri, menntun og heilbrigðismál, félagslega þjónustu og réttindi þeirra samkvæmt þessari samþykkt.

2. Ef nauðsyn krefur skal þetta gert með skriflegum þýðingum og í fjölmiðlum á tungumáli þessara þjóðflokka.

31. gr.

Gera skal ráðstafanir í menntamálum á öllum sviðum þjóðfélagsins, einkum meðal þeirra sem eru í nánastri snertingu við hlutaðeigandi þjóðflokk, í því skyni að eyða fordómum sem þeir kunna að ala í brjósti gagnvart slíkum þjóðflokkum. Í þessu augnamiði skal tryggt að kennslubækur í mannkynssögu og annað kennsluefni gefi sanngjarna, nákvæma og fræðandi mynd af samfélagi og menningu þessara þjóðflokka.

VII. Samskipti og samvinna milli ríkja.

32. gr.

Ríkisstjórnir skulu gera viðeigandi ráðstafanir, þar með talið með alþjóðlegum samningum, til þess að auðvelda tengsl og samvinnu frumbyggja og ættflokka milli ríkja, þar á meðal í efnahagsmálum, félagsmálum, menningarmálum, andlegum málum og umhverfismálum.

VIII. Stjórnun.

33. gr.

1. Hlutaðeigandi stjórnvald, sem ber ábyrgð á þeim málum sem þessi samþykkt nær til, skal tryggja að stofnanir eða önnur viðeigandi úrræði séu fyrir hendi til þess að stjórna áætlunum, sem snerta viðkomandi þjóðflokk, og að þær hafi aðstöðu til þess að sinna með eðlilegum hætti því hlutverki sem þeim hefur verið falið.

2. Þessar áætlanir skulu taka til:

- a. skipulagningar, samhæfingar, framkvæmdar og mats á þeim ráðstöfunum sem gert er ráð fyrir í þessari samþykkt, í samvinnu við hlutaðeigandi þjóðflokk;
- b. tillögugerðar um lagasetningu og aðrar ráðstafanir til hlutaðeigandi stjórnvalda og eftirlits með beitingu þeirra ráðstafana sem gerðar eru, í samvinnu við viðkomandi þjóðflokk.

IX. Almenn ákvæði.

34. gr.

Eðli og umfang þeirra ráðstafana sem gera skal í því skyni að beita ákvæðum þessarar samþykktar skal ákveða með sveigjanlegum hætti og með hliðsjón af séraðstæðum í hverju landi.

35. gr.

Beiting ákvæða þessarar samþykktar skal ekki hafa neikvæð áhrif á réttindi og hagsmuni hlutaðeigandi þjóðflokka samkvæmt öðrum Samþykktum og Tillögum, milliríkjagæringum, sáttmálum eða landslögum, úrskurðum, venjum eða samningum.

X. Lokaákvæði.

36. gr.

Þessi samþykkt er endurskoðun á Samþykkt um frumbyggja og ættflokka frá 1957.

37. gr.

Formlegar fullgildingar þessarar samþykktar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumála-skrifstofunnar til skrásetningar.

38. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

39. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, en síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

40. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgilinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

41. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

42. gr.

Þegar stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

43. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að öllu eða nokkru leyti, og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg, þá skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa

uppsögn þessarar samþykktar, þrátt fyrir ákvæði 34. gr. hér að framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist;

b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt hefur öðlast gildi.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað snertir form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

44. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal II.

**Ræða félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur,
á allsherjarþingi 76. Alþjóðavinnuálagingsins.
(8. júní 1989.)**

Virðulegi forseti.

Ég vil hefja mál mitt á því að óska yður til hamingu með kosningu í embætti þingforseta 76. Alþjóðavinnuálagingsins.

Í ár fjallar skýrsla forstjóra um viðreisn og atvinnu (Recovery and employment). Í henni er gerð úttekt á þróun efnahags- og atvinnumála síðasta áratuginn og bent á ýmsar leiðir til að koma á jafnvægi í efnahagsmálum ríkja heimsins og þar með auka framboð atvinnu.

Forstjórinn gerir í skýrslu sinni grein fyrir óstöðugleika sem hefur ríkt í efnahagsmálum í heiminum. Mikill halli hefur verið á utanríkisviðskiptum margra ríkja sem hefur stórukið erlendar skuldir þeirra. Þessi lönd hafa orðið útflytjendur á fjármagni sem þau sárlega skortir í fjárfestingu heima fyrir til að auka atvinnu og bæta lífskjör.

Í skýrslunni er lögð áhersla á það að til þess að koma af stað hagvexti eða auka hann og bæta félagslegar aðstæður verði bæði idnríkin og þróunarríkin að laga sig að breyttum aðstæðum. Breytt stefna er ekki einungis nauðsynleg í efnahagsmálum sérhvers ríkis heldur einnig í fjármálaskiptum ríkja í millum.

En hvernig getum við lagt grundvöll fyrir efnahagslegri framför næsta áratuginn sem leiðir til aukinnar atvinnu og bættra lífskjara?

Það er ljóst að þær leiðir sem forstjórinn vekur athygli á í skýrslu sinni eru ekki auðveldar og á það er bent. Gengisfellingar ná ekki markmiði sínu nema þeim fylgi strangt aðhald, t.d. í verðlagsmálum. Að öðrum kosti verður afleiðingin óðaverðbólga sem leiðir til þess að þeir sem eiga skuldlausar fasteignir og framleiðslutæki verða ríkari en eignalaust fólk verður fátækara.

Á seinni árum höfða fáar skýrslur forstjóra jafnmikið til Íslendinga og sú sem hér er til umfjöllunar. Ástæðan er sú að þrátt fyrir að lífskjör á Íslandi séu sambærileg við það sem best gerist meðal idnríkja byggir efnahagslíf landsins á mjög einhæfum útflutningi og er að því leyttinu líkara því sem gerist meðal þróunarríkjana.

Vegna þess að efnahagsleg velgengi hefur byggst á einhæfum útflutningi hefur Ísland mikla reynslu í beita þeim aðgerðum sem forstjórinn bendir á í skýrslu sinni. Við framkvæmd þeirra er margoð varast og oft nauðsynlegt að grípa til ráðstafana sem ekki njóta stundarvinsælda meðal aðila vinnuálagingsins.

Til skýringar vil ég geta þess að á árinu 1987 nam útflutningur vöru og þjónustu um 36% af vergri landsframleiðslu, en ¼ hlutar vöruútflutnings eru sjávarafurðir. Sérhæfing landsmanna í sjávarútvegi hefur haft í för með sér meiri sveiflur í þjóðarútláttunni en víðast annars staðar. Afleiðingin hefur m.a. verið sú að verðbólga hefur hér verið mun meiri en í öðrum Evrópulöndum. Þessar snögg og miklu sveiflur í undirstöðuframleiðslunni hafa gert hagstjórn mun erfiðari en ella. Nauðsynlegt hefur verið að laga þjóðarútláttgjöld að minnkandi framleiðslu og hindra þannig að viðskiptahalli verði óviðráðanlegur og koma í veg fyrir hallarekstur fyrirtækja og tryggja atvinnuöryggi launafólks.

Þrátt fyrir sveiflur í íslenskum þjóðarútláttunni er mikilvægt að benda á að atvinnuleysi hefur nánast ekkert verið á Íslandi síðan í lok sjöunda áratugarins og voru atvinnulausir að meðaltali 0,5% af mannafla árið 1987. Nokkur umskipti hafa þó orðið á vinnuálagingsins á Íslandi á síðustu mánuðum og í aprílmánuði sl. voru atvinnulausir um 1,5% af mannafla.

Á árinu 1988 var spáð verulegum umskiptum í íslenskum efnahagsmálum, m.a. vegna samdráttar í tekjum af sjávarafli. Ríkisstjórnin lét undirbúa ýmsar efnahagsaðgerðir með það að markmiði að koma í veg fyrir aukinn viðskiptahalla og rekstrarörðugleika fyrirtækja í sjávarútvegi og fiskvinnslu sem síðar gæti leitt til atvinnuleysis. Jafnframt var boðað strangt aðhald í þróun kaupgjalds og verðlags.

Á fyrri hluta árs 1988 undirrituðu öll stærstu samtök launafólks kjarasamninga við atvinnurekendur sem voru innan þess efnahagsramma sem ríkisstjórnin hafði sett. Ýmsir hátekjuhópar og stéttarfélag iðnaðarmanna sem þá voru með lausa samninga voru með verkfallsaðgerðir í undirbúningi til að knýja fram meiri launahækkanir en önnur samtök launafólks höfðu sætt sig við. Ef þetta hefði gerst hefðu önnur samtök krafist sömu hækkana og þar með hefði verðbólga stóraukist.

Hér var ríkisstjórninni vandi á höndum. Annars vegar var mikilvægt að aðlaga efnahagslíf landsins breyttum aðstæðum eftir þeim leiðum sem greinir í skýrslu forstjóra og þar með koma í veg fyrir aukna skuldasöfnun og stóraukið atvinnuleysi. Hins vegar var þess að gæta að Ísland hefur bæði fullgilt samþykkt nr. 87 og 98.

Við þessar kringumstæður valdi ríkisstjórnin þá leið í maí 1988 að lögfesta ákvæði í kjarasamningum sem allur þorri launafólks hafði þegar undirritað og þar með að koma í veg fyrir að þeir sem áttu eftir að ganga frá samningum, m.a. ýmsir hópar hátekjufólks, mundu knýja fram með verkföllum meiri launahækkanir er aðrir höfðu sætt sig við.

Þessar aðgerðir voru kærðar til ILO. Úrskurður í kærumálinu féll í febrúar sl. Í niðurstöðu nefndar um félagafrelsi segir að nefndin gefi gaum að því að lögin frá í maí 1988 takmörkuðu rétt aðila vinnumarkaðarins til frjálsra kjarasamninga. Hún hefur einnig áhyggjur af því að þetta var í níunda skiptið sem höfð voru slík afskipti á tíu árum (síðast 1983). Hins vegar telur nefndin að þegar á heildina er litið hafi brýna þjóðarnaúdsyn borið til að setja slíkar hömlur, þær hafi verið settar aðeins að því marki sem nauðsynlegt var, þær hafi aðeins verið í gildi um eðlilegan tíma og jafnframt þeim hafi verið gerðar viðunandi ráðstafanir til að tryggja lífskjör launafólks.

Framangreint mál er raunhæft dæmi um það sem skýrsla forstjóra fjallar um að þessu sinni. Það lýsir vel, að mínu mati, þeim vandamálum sem ríkisstjórnir landa, sem búa við einhæfan útflutning, þurfa að kljást við.

Ég vil undirstrika mikilvægi þess að aðilar vinnumarkaðarins taki mið af efnahagslegum raunveruleika þegar þeir semja um kaup og kjör sín á milli. Þess þarf að gæta að samningar skili raunverulegum verðmætum til launafólks en ekki hærra kaupgjaldi sem hverfur með aukinni verðbólgu. Á Íslandi hafa aðilar vinnumarkaðarins samið um kauphækkanir upp á 2,593% frá árinu 1979, en kaupmáttur launa hefur hækkað um tæp 10% þar sem verðlag hefur hækkað á sama tíma um 2,345%. Það sem skiptir máli er kaupmátturinn og framfærslubyrðin en ekki upphæð launanna, t.d. að húsnæðiskostnaður sé hóflegur hluti framfærslunnar. Ég vil einnig benda á að félagslegar umbætur, sem íslensk verkalyðshreyfing hefur iðulega samið um í stað launahækkana sem einsýnt var að hyrfu strax í vaxandi verðbólgu, hafa vissulega skilað sér í bættum kjörum launafólks á Íslandi.

Ég vil taka það fram að íslenska ríkisstjórnin er ekki óánægð við niðurstöðu nefndar um félagafrelsi í þessu tiltekna kærumáli. En hún leggur áherslu á það að nefndin og ILO líti raunhæfum augum á aðstæður hvers aðildarríkis til að framfylgja alþjóðasamþykktum. Of þröngsýn túlkun á ákvæðum samþykktanna getur haft mjög óheillavænleg áhrif á þróun mála og komið niður á þeim sem síst skyldi í þjóðfélaginu. Það er einnig rétt að taka fram að framangreind lög féllu úr gildi 15. febrúar sl. og stærstu heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins hafa nýlega undirritað kjarasamninga sem náðust með frjálsum samningum.

Virðulegi forseti. Á dagskrá þessa 76. Alþjóðavinnuáráðs eru mörg mikilvæg málefni. Ég vil benda á endurskoðun alþjóðasamþykktar nr. 107, um réttindi frumbyggja. Brýna nauðsyn bar til að endurskoða þessa alþjóðasamþykkt sem var orðin úrelt og ekki í hátt við breytt viðhorf til varðveislu menningararfs frumbyggja.

Einnig eru til fyrri umræðu drög að tveimur nýjum alþjóðasamþykktum, annars vegar um næturvinnu og hins vegar um meðferð efnasambanda á vinnustöðum. Báðar þessar samþykktir er mjög tímabærar, ekki síst samþykktin um meðferð efnasambanda á vinnustöðum. Í því sambandi vakna upp minningar um slysið í Bhopal á Indlandi fyrir nokkrum árum. Brýna

nauðsyn ber til að setja ákveðnari reglur um meðferð efnasambanda á vinnustöðum og bæta vinnuumhverfi starfsfólks.

Í þessu samhengi má geta þess að fulltrúar ríkisstjórna Norðurlandanna hafa lagt fram á þessu þingi ályktunartillögu um hlutverk ILO í að fylgja eftir tillögum heimsnefndarinnar um umhverfi og þróun. Ég vona að þessi tillaga nái fram að ganga.

Á þessu ári eru 70 ár liðin frá stofnun Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar. Ég er þeirrar skoðunar að á slíkum tímamótum eigi að staldra við og líta yfir farinn veg og marka stefnuna inn í framtíðina. Ég vil leggja á það áherslu að Norðurlöndin eru mjög vel meðvituð um skyldur sínar gagnvart Alþjóðavinnuumálastofnuninni og fylgjast náið með starfsemi hennar. Ríkisstjórnir Norðurlanda eru sammála um það að starfsemi ILO hefur mjög mikla þýðingu fyrir þróun atvinnumála og atvinnulífið, jafnt í iðnríkjum sem og í þróunarlöndum. Hins vegar leggja ríkisstjórnir þessara landa mikla áherslu á það að stofnunin sinni fyrst og fremst þeim viðfangsefnum sem henni er ætlað að sinna samkvæmt stofnskrá.

Meðal þess sem ég tel að leggja beri áherslu á næsta áratuginn er forustuhlutverk ILO í því að stuðla að félagslegum umbótum og réttlæti, endurnýjað átak í setningu staðla, aukin áhersla á tæknisamvinnu, jafnrétti kynjanna á vinnumarkaðinum og ráðgjöf um starfsmenntun samfara tæknibreytingum. Í þessu sambandi má geta þess að ríkisstjórnir Norðurlanda hafa nýlega sameinast um sérstaka framkvæmdaáætlun á sviði jafnréttismála sem nær til árána 1989 til 1993. ILO gæti haft hliðsjón af þessari áætlun við skipulagningu á aðgerðum sínum til að bæta stöðu kvenna, sérstaklega í atvinnulífinu.

Virðulegi forseti. Á þessu ári lét Francis Blanchard af störfum hjá alþjóðavinnuumála-skrifstofunni eftir tæplega 40 ára þjónustu við aðildarríki ILO, þar af gengdi hann starfi forstjóra í 15 ár. Ég vil nota þetta tækifæri til að færa Francis Blanchard og konu hans sérstakar þakkir og kveðjur íslensku ríkisstjórnarinnar fyrir vel unnin störf og mjög gott samstarf. Ég vil einnig fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands bjóða nýjan forstjóra, Michel Hansenne, velkominn til starfa og láta í ljósi þá von að eiga við hann jafngott samstarf og fyrirrennara hans. Ég óska honum velfarnaðar í starfi.

Forseti ASÍ ávarpar þing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar.

Miðstjórn Alþýðusambandsins fól forseta að tala máli Alþýðusambandsins á Alþjóðavinnuálastofninginu í júní 1989. Kærumálið var ekki á dagskrá þingsins, þar sem því hafði verið vísað til sérfræðinganevndar ILO og féll ekki undir það tímabil sem var til umræðu á þinginu. Ásmundur Stefánsson flutti ávarp sitt 12. júní 1989 undir lið á dagskránni þar sem fjallað var um skýrslu framkvæmdastjóra ILO. Það fer hér á eftir.

Harður áróður gegn verkalýðsfélögum.

„Í skýrslu framkvæmdastjóra um efnahagslegar framfarir og atvinnu er gefið einkar greinargott yfirlit yfir það sem gerst hefur að undanfögnu og horfurnar framundan. Það kemur skýrt fram að misskipting hefur aukist í heiminum og stöðugt fleiri lifa í sárri fátækt í þróunarlöndunum. Sú áþjám eykst enn frekar vegna gífurlegra erlendra skulda margra lágtekjuþjóða og stöðugt minni möguleikum þeirra til þess að halda uppi fullnægjandi skólakerfi, heilsugæslu og félagslegri þjónustu.

Meðal iðnvæðra þjóða er tekjum einnig misskipt og í hagsveiflum síðari ára hefur gætt alvarlegrar tilhneigingar til niðurskurðar á félagslegri þjónustu. Sterk markaðshyggja og pólitísk andstaða gegn viðleitni til jöfnunar og gegn allri starfsemi hins opinbera hefur aukið á þessa tilhneingingu. Jafnframt hefur í ýmsum löndum verið rekinn harður áróður gegn verkalýðsfélögum. Þau hafa verið ásökuð fyrir að trufla markaðskerfið, halda uppi of háum launum og gera óraunhæfar kröfur um félagslegt öryggi. Með yfirgangi og ásókn bæði af hálfu atvinnurekenda og stjórnvalda hefur dregið hættulega úr styrk verkalýðssamtakanna í fjölmörgum iðnvæddum ríkjum.

Á Íslandi þar sem ég bý standa verkalýðssamtökin traustum fótum. Íslensk verkalýðshreyfing hefur náð verulegum árangri í baráttu sinni fyrir bættum kjörum og auknum réttindum launafólks. Hún hefur knúið á um félagslega þjónustu bæði í samningum við atvinnurekendur og ríkisstjórnir og þannig átt meginhluta að uppbyggingu íslenska velferðarkerfisins. Hún hefur með víðtæku starfi sínu stuðlað að lýðræðislegri umræðu og lýðræðislegum ákvörðunum í þjóðfélaginu. Þær áherslur sem ég dreg hér fram á íslensk verkalýðshreyfing sameiginlegar með verkalýðssamtökum víða um heim og þær sýna svo ekki verður um villst hve mikilvægt það er hverju þjóðfélagi að verkalýðshreyfingin sé sterk og virk. Að tryggja ekki aðeins kjör heldur einnig réttindi, öryggi einstaklingsins og lýðræði.

Innan Alþjóðavinnuálastofnunarinnar er skilningur á mikilvægi verkalýðssamtakanna og fyrir verkalýðssamtökin skiptir miklu að eiga Alþjóðavinnuálastofnunina að sem vettvang umræðu og hina einu alþjóðlegu stofnun sem tekur til umfjöllunar brot ríkisstjórna gagnvart frelsi verkafólks til að bindast samtökum og rétti samtakanna til að semja um kaup og kjör félagsmanna.

Víða meðal iðnvæðra þjóða hafa slík brot verið mörg undanfarin ár og endurspeglar greinilega pólitíska andúð á markmiðum hreyfingarinnar og það viðhorf ríkisstjórna að skerðing á samningsrétti verkalýðshreyfingarinnar sé handhæg aðferð til þess að halda aftur af kauphækkunum og knýja fram lækkan kaupmáttar. Slík hagstjórn stefnir í hættu því lýðræðiskerfi sem við búum við og ryður burt þeirri samstöðu sem hverju þjóðfélagi er nauðsynleg og þá sérstaklega þegar erfiðleikar stöðja að.

ILO verður að standa vörð um samtakafrelsið.

Það er þess vegna mjög brýnt að Alþjóðavinnuálastofnunin standi traustan vörð um samtakafrelsið og geri með skýrum og ótvíræðum hætti tilkall til þess að ríkisstjórnir hvar sem er gangi hvorki á rétt einstaklinga eða samtaka þeirra.

Fyrir sléttu ári neyddist Alþýðusamband Íslands til að leita til Alþjóðavinnuálastofnunarinnar vegna bráðabirgðalaga sem ríkisstjórn Íslands setti 20. maí 1988 fáeinum dögum eftir að Alþingi lauk störfum. Þau lög voru augljóst brot á samþykkt 87 og 98 en Ísland hefur staðfest báðar þær samþykktir. Með lögnum var samningsréttur algjörlega afnuminn í 11 mánuði, fram til 10. apríl 1989 (síðar breytt til 15. febrúar) og þann tíma voru eins og segir í

lögnum „verkbönn, verkföll, þ.m.t. samúðarvinnustöðvanir eða aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan mála en lög þessi mæla fyrir óheimilar“. Einnig var í lögnum skýrt ákvæði sem bannaði atvinnurekendum að hækka „laun, þóknanir og hlunnindagreiðslur hvers konar umfram það sem samið hefur verið um í kjarasamningum og kveðið er á um í lögum þessum.“

Í niðurstöðu stjórnarnefndar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar frá því í febrúar sl. er tekið fram að „Lögin frá 20. maí 1988 takmörkuðu augljóslega rétt samtaka atvinnurekenda og launafólks til frjálsra kjarasamninga á meðan lögin voru í gildi.“

Nefndin tók einnig undir það að sú staðreynd að á tíu árum hafi löggjafinn níu sinnum gripið inn í gerða samninga bendi vissulega til þess að löggjafinn hafi of ríka tilhneigingu til afskipta af kjarasamningum á Íslandi.

Stjórnarnefndin tók undir það sjónarmið okkar sem mestu skiptir að „endurtekin beiting laga til að hafa stjórn á efni samninga í framtíðinni grefur undan trú launafólks á gildi aðildar að verkalýðsfélögum. Félagar þeirra eða mögulegir félagar þeirra geti talið að það sé lítið gagn að því að styðja eða ganga í samtök sem hafa þann megentilgang að gera kjarasamninga við atvinnurekendur ef löggjafinn nemur þá úr gildi hvað eftir annað.“

Þó nefndin tæki þannig undir meginefni ásakana okkar og lýsi í tilmælum sínum áhyggjum sínum vegna lagaafskipta íslenskra stjórnvalda af kjarasamningum, taldi hún að þjóðarnaúdsyn hafi borið til lagasetningarinnar á síðasta ári. Sú niðurstaða er greinilega mörkuð af því annars vegar að Ísland hefur fram að þessu haft hreinan skjöld og hins vegar að trúnaður hefur verið lagður á rangfærslur íslensku ríkisstjórnarinnar um svokallað samráð við samtök launafólks. Ekki er ólíklegt að frekar hafi verið lagður trúnaður á rangfærslur ríkisstjórnarinnar fyrir þá sök að sá stjórnmalaflokkur sem harðast hafði gagnrýnt lagasetninguna þegar hún gekk yfir var orðinn þátttakandi í ríkisstjórn þegar ríkisstjórnin gaf svar sitt. Ég vil hins vegar ítreka að þó þetta gefi til kynna að um viðurkennda staðreynd sé að ræða er sú sannarlega ekki raunin og ég treysti því að sérfræðinganefndin sannreyni að ríkisstjórnin fór með rangt mál.

Um það mál ætla ég ekki að fara fleiri orðum þar sem það er nú í skoðun hjá sérfræðinganefndinni en ég ítreka að það er mikilvægt að verkalýðssamtökin njóti stuðnings stofnunarinnar þegar að þeim er sótt. Á Íslandi og í flestum þróuðum iðnríkjum býr fólk við góðan efnahag og almenn lýðrættindi. Það er því skiljanlegt að þeim sem búa við fátækt og einræði þygi lítilvæg þau mannréttindabrot sem við verðum fyrir. Enda þótt tímabundin afskipti af samningum jafnist ekki á við þær ofsóknir, fangelsanir, limlestingar og morð, sem fólk undir harðstjórn má þola, er hættulegt að gera lítið úr afskiptum lýðræðisstjórna.

Frelsi einstaklinga til að mynda stéttarfélög, sem geti án afskipta stjórnvalda gert samninga við atvinnurekendur og í hvívetna gætt hagsmuna félagsmanna, er einn af hornsteinum þess lýðræðiskerfis sem við búum við í flestum iðnvæddum ríkjum. Stjórnmalamenn í þeim löndum mega ekki komast upp með það að tala af tilfinningahita um mikilvægi frjálsra verkalýðsfélaga í Suður Afríku og öðrum löndum þar sem kúgunarstjórnir sitja við völd og ganga samtímis á rétt félaganna í eigin landi. Það má ekki líða stjórnvöldum að þau gangi á réttinn til frjálsra samninga. Alvarleg mannréttindabrot í öðrum löndum mega aldrei vera afsökun fyrir mannréttindabrotum lýðræðisþjóða. Þar ítreka ég enn ábyrgð Alþjóðavinnuálastofnunarinnar sem er eini aðilinn sem stéttarfélögin geta leitað til. Alþjóðavinnuálastofnunin nýtur virðingar vegna afskipta sinna af mannréttindabrotum. Því ríður á að hún beiti sér af alefli, setja markið hátt og fylgi því fast eftir gagnvart ríkisstjórnnum að þær virði frelsið.

Þegar við nú ræðum efnahagslegar framfarir og atvinnu verðum við að hafa það sérstaklega hugfast, hve miklu frjáls félagsamtök skipta fyrir lýðræðislega ákvarðanir, hve miklu frjáls félagsamtök skipta ef sættir eiga að haldast og nást sú samstaða sem hverju þjóðfélagi er nauðsynleg til að ná árangri. Til að tryggja varanlega sókn í efnahagslífinu verður að virða öll mannréttindi.

Fylgiskjal III.**Skýrsla nefndar um málefni Alþjóðavinnuáráðs Íslands og framkvæmd Félagsmálasáttmála Evrópu.**

Frá upphafi hefur þríhliða samstarf á milli ríkisstjórna og aðila vinnuarkaðarins skapað Alþjóðavinnuáráðsstofnuninni (ILO) sérstöðu þegar skipulag hennar er borið saman við skipulag annarra stofnana sem starfa innan vébanda Sameinuðu þjóðanna. Í öllum nefndum og ráðum stofnunarinnar eiga sæti fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. ILO hefur með ýmsum hætti reynt að hafa áhrif á aðildarríkin í þá átt að þau taki upp hliðstæða samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks um málefni vinnuarkaðarins. Dæmi um þetta er alþjóðasamþykkt nr. 144, um samstarf ríkisvalds og aðila vinnuarkaðarins um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, sem Ísland fullgilti árið 1981. Í anda þessarar samþykktar var skipuð 16. apríl 1982 samstarfsnefnd ríkisvalds og aðila vinnuarkaðarins sem fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnuáráðsstofnunina, venjulega nefnd ILO-nefnd. Á árinu 1989 skipuðu eftirtaldir nefndina: Fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Þráinn Hallgrímsson, sem tók sæti Kristínar Mäntylä, fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands, Hrafnhildur Stefánsdóttir, fulltrúi félagsmálaráðuneytisins og jafnframt formaður nefndarinnar, Gylfi Kristinsson deildarstjóri.

Verkefni nefndarinnar hafa stöðugt aukist. Í framhaldi af samkomulagi milli félagsmálaráðuneytisins og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins síðari hluta árs 1987 var ILO-nefndinni falið með erindisbréfi félagsmálaráðherra, dags. 5. maí 1988, að fjalla um framkvæmd Íslands á Félagsmálasáttmála Evrópu, en samkvæmt samkomulagi ráðuneytanna tók félagsmálaráðuneytið við samningu skýrslu ríkisstjórnar Íslands til Evrópuráðsins um framkvæmd ákvæða sáttmálans sem mörg hver eiga sér hliðstæðu í alþjóðasamþykktum ILO.

Nefnd um samskipti Íslands við Alþjóðavinnuáráðsstofnunina hélt á árinu 1989 samtals 18 fundi. Helstu viðfangsefni nefndarinnar voru:

a. Skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykktar á sviði vinnumála.

Samkvæmt 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnuáráðsstofnunarinnar er aðildarríki skylt að gefa stofnuninni skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykktar. Þessi skylda er tvíþætt. Í fyrsta lagi skulu aðildarríkin gefa ILO skýrslur reglulega um framkvæmd þeirra samþykktar sem þau hafa fullgilt. Í öðru lagi getur stjórnarnefnd ILO falið alþjóðavinnuáráðsstofnuninni að óska eftir skýrslum frá aðildarríkjunum um framkvæmd ákvæða í öðrum samþykktum sem þau hafa ekki fullgilt. Lagt er til í 5. gr. í tillögu nr. 152, um samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, að stjórnvöld hafi samráð við aðila vinnuarkaðarins um samningu þessara skýrslna.

Á síðasta ári undirbjó ILO-nefndin skýrslur ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykktar sem Ísland hefur fullgilt:

- a. Alþjóðasamþykkt nr. 2, um ráðstafanir gegn atvinnuleysi.
- b. Alþjóðasamþykkt nr. 29, um nauðungarvinnu eða skylduvinnu.
- c. Alþjóðasamþykkt nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess.
- d. Alþjóðasamþykkt nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.
- e. Alþjóðasamþykkt nr. 102, um lágmark félagslegs öryggis.
- f. Alþjóðasamþykkt nr. 105, um afnám nauðungarvinnu.
- g. Alþjóðasamþykkt nr. 108, um persónuskírteini sjómanna.
- h. Alþjóðasamþykkt nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs.

Auk þess afgreiddi nefndin skýrslu um aðstæður sem fjallað er um í samþykkt sem Ísland hefur ekki fullgilt, þ.e. nr. 147, um lágmarkskröfur á kaupskipum.

b. Skýrsla um 75. Alþjóðavinnumálalæpingið 1988.

Aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni fylgir sú skylda að kynna löggjafarsamkomu þær samþykktir sem Alþjóðavinnumálalæpingin hafa afgreitt. Á Íslandi er þetta ákvæði uppfyllt með þeim hætti að félagsmálaráðherra gefur Alþingi skýrslu um Alþjóðavinnumálalæpingin. Í skýrslunum eru birtar í íslenskri þýðingu þær samþykktir, tillögur og ályktanir sem þingin hafa afgreitt. Á árinu 1989 var haft samráð við ILO-nefndina um skýrslu félagsmálaráðherra um 75. Alþjóðavinnumálalæpingið sem haldið var árið 1988. Í skýrslunni eru birtar tvær alþjóðasamþykktir. Önnur, nr. 167, fjallar um öryggi og heilbrigði í byggingariðnaði. Markmið hennar er að draga úr fjölda slysa í byggingariðnaði með ýmsum verndar- og varnaraðgerðum, t.d. í sambandi við meðferð tækja og annars búnaðar sem notaður er á byggingarstað. Hin alþjóðasamþykktin, nr. 168, er um aukna atvinnu og vernd gegn atvinnuleysi. Samþykktinni er ætlað að koma í stað eldri samþykktar um atvinnuleysisbætur, m.a. samþykkt nr. 44, um bætur eða styrki til þeirra sem eru atvinnulausir gegn vilja sínum, og er hún frá árinu 1934. Eldri samþykktin er því komin til ára sinna og þótti á mörgum sviðum vera úrelt.

c. Undirbúningur fyrir þátttöku í 76. og 77. Alþjóðavinnumálalæpinginu.

ILO-nefndin fjallaði á fundum sínum fyrri hluta árs 1989 um dagskrármál 76. Alþjóðavinnumálalæpingsins. Meðal annars var farið yfir drög að alþjóðasamþykkt um réttindi frumbyggja sem voru til síðari umræðu á þinginu. Einnig var fjallað um skjöl sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman til undirbúnings fyrri umræðu um næturvinnu og meðferð efnasambanda á vinnustöðum. Haldnir voru tveir fundir sem sérstaklega voru helgaðir málefnum 76. Alþjóðavinnumálalæpingsins. Á þeim var farið yfir skýrslur sem teknar höfðu verið saman til undirbúnings umræðum á þinginu.

Á síðari hluta árs 1989 vann nefndin að samningu svara við nokkrum spurningaskrá frá ILO sem stofnunin sendi aðildarríkjunum. Þær voru um: Vinnuáðstæður á hótélum, í veitingahúsum og hliðstæðum stofnunum, vinnuáðstæður póst- og símamanna, drög að alþjóðasamþykkt um næturvinnu og drög að alþjóðasamþykkt um meðferð efnasambanda á vinnustöðum. Spurningaskrárnar um tvö síðastnefndu málefni eru til undirbúnings síðari umræðu á 77. Alþjóðavinnumálalæpinginu 1990.

d. Önnur málefni sem snerta samskipti Íslands við ILO.

Á fundum nefndarinnar var fjallað um fjölmörg önnur atriði sem tengjast aðild Íslands að Alþjóðavinnumálastofnuninni og of langt er að rekja í stuttu yfirliti. Þó má nefna að nefndin tók til umfjöllunar niðurstöður nefnda á vegum ILO í kærumáli Alþýðusambands Íslands á hendur ríkisstjórn Íslands sem birtar eru í viðauka.

Hinn 3. ágúst hélt nefndin sinn 50. fund. Nýr varaforstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf, Austurríkismaðurinn Heribert Maier, sat fundinn. Maier var staddur á Íslandi í tengslum við framkvæmdastjórnarfund Alþjóðasambands verslunar- og skrifstofufólks en hann var framkvæmdastjóri sambandsins frá árinu 1973 þar til hann tók við starfi varaforstjóra ILO 1. júní 1989. Á fundinum var skipst á skoðunum um störf og stefnu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, niðurstöðu nefndar um félagafrelsi í kærumáli ASÍ vegna setningar bráðabirgðalaga nr. 14/1988, um aðgerðir í efnahagsmálum, fullgildingu Íslands á fleiri samþykktum ILO og aðild Íslands að tækniástoð Alþjóðavinnumálastofnunarinnar við þróunarlöndin.

e. Framkvæmd Félagsmálasáttmála Evrópu.

Félagsmálaráðuneytið tók við skýrslugerð um framkvæmd Félagsmálasáttmála Evrópu af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu á árinu 1987. Í framhaldi af því fól félagsmálaráðherra, að höfðu samráði við Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands, ILO-nefndinni í maí 1988 að fjalla um framkvæmd Íslands á ákvæðum Félagsmálasáttmálans.

Jafnframt tók fulltrúi félagsmálaráðuneytisins sæti í nefnd Evrópuráðsins sem fjallar um framkvæmd sáttmálans. Meðal þess sem fjallað er um í sáttmálanum er réttur til vinnu, vinnuskilyrði, félaga- og samningafrelsi, réttur barna og ungmenna til verndar, starfsþjálfun, heilsuvernd, félagslegt öryggi o.fl. Þess skal getið að Ísland hefur enn ekki samþykkt skuldbindingar samkvæmt öllum greinum sáttmálans.

Í janúar 1989 afgreiddi nefndin skýrslu Íslands um framkvæmd samþykktara ákvæða Félagsmálasáttmálans frá 1. janúar 1986 til 31. desember 1987. Athugasemdir sérfræðinganeftar Evrópuráðsins við skýrsluna bárust í september sl. og fór nefndin yfir þær. Í skýrslu sérfræðinganeftarinnar eru gerðar nokkrar alvarlegar athugasemdir við framkvæmd Íslands á sáttmálanum. Sú alvarlegasta snertir framkvæmd 5. gr. um réttinn til að stofna félög. Í skýrslu nefndarinnar segir að samkvæmt túlkun Hæstaréttar í desember 1988 á 73. gr. Stjórnarskrár Íslands sé mönnum ekki tryggður réttur til þess að vera ekki félagar í stéttarfélagi. Nefndin taldi – með tilliti til þess að frelsi manna til að ganga í stéttarfélag, sem tryggt sé með ákvæðum 5. gr. sáttmálans, hljóti að fela í sér að menn séu ekki með neinum hætti skyldir til að gerast eða vera áfram félagar í stéttarfélagi – að skortur á viðeigandi vernd slíks frelsis í landslögum (hvort sem það stafar af því að viðeigandi lög hafa ekki verið sett eða fordæmisréttur löghelgar athæfi sem brýtur í bága við rétt manna til að mynda með sér félög) geti ekki talist samrýmast ákvæðum 5. gr. sáttmálans.

Sérfræðinganeftar Evrópuráðsins er óvenju dómhörð þegar hún fjallar um ákvæði um bótarétt í lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð. Um þetta ákvæði segir að nefndin hafi enn fremur veitt því athygli að samkvæmt lögum nr. 64/1981 eigi eingöngu félagar í stéttarfélagum rétt á atvinnuleysisbótum. Það að svipta launamann rétti til fjárhagslegrar verndar ef hann er atvinnulaus sé óverjandi ráðstöfun sem hafi þann tilgang að neyða hann til að ganga í eða vera áfram félagi í stéttarfélagi. Með tilliti til þess hafi nefndin komst að þeirri niðurstöðu að lögin brjóti í bága við anda og bókstaf 5. gr. sáttmálans.

Nefnd sérfræðinga Evrópuráðsins gerir að umtalsefni ákvæði í flestum almennum kjarasamningum á Íslandi þess efnis að félagar í stéttarfélagum skuli ganga fyrir um vinnu. Þótt heimild til slíkrar ráðstöfunar sé ekki að finna í lögum bendir nefndin á það að slík ákvæði um forgang hafa verið staðfest fyrir Félagsdómi. Nefndin taldi að slíkar lögþvinganir gagnvart launamönnum, sem óska ekki eftir að vera félagar í stéttarfélagum, gætu ekki talist vera í samræmi við ákvæði 5. gr. sáttmálans um rétt manna til að mynda með sér félög.

Einnig kemur fram í skýrslu sérfræðinganeftarinnar að hún hafi veitt því athygli að í almennum kjarasamningum fólks, sem starfar í iðnaði og við verslunar- og skrifstofustörf, séu ákvæði þess efnis að viðkomandi fyrirtækjum sé ekki heimilt að ráða til starfa aðra en féлага í því stéttarfélagi sem það semur við um kaup og kjör. Nefndin taldi að lagasetning (eða skortur á lagasetningu), sem heimilar slíka ráðstöfun og sé í mótsögn við sjálft eðli þess frelsis að stofna félög sem verndað sé með ákvæðum 5. gr. sáttmálans, geti ekki talist til þess fallin að tryggja virka framkvæmd þeirrar meginreglu sem fólgin er í 5. gr.

Af framangreindum ástæðum komst nefndin að þeirri niðurstöðu að ástandið á Íslandi bryti enn í bága við ákvæði 5. gr. sáttmálans. Nefndin vonaði að í næstu skýrslu kæmi fram hvort höfnun launamanns á því að ganga í eða vera áfram félagi í stéttarfélagi gæti orðið til þess að honum yrði sagt upp störfum eða honum yrði mismunað með einhverjum hætti.

Í skýrslu sérfræðinganeftarinnar er að finna athugasemdir við framkvæmd Íslands á 2. mgr. 1. gr., um að réttur verkafólks til að vinna fyrir sér í starfi sem það hefur valið sér sé verndaður á raunhæfan hátt. Í þessu sambandi harmar nefndin að ákvæði 81. gr. sjómanna-laga skuli enn vera í gildi. Nefndin ítrekar það álit sitt að ákvæðið brjóti í bága við Félagsmálasáttmálann. Svo fremi ekki komi fram frekari upplýsingar geti nefndin ekki annað en staðfest fyrri álit sitt um að framkvæmd Íslands sé ekki í samræmi við ákvæði sáttmálans.

Sérfræðinganeftarinnar gerir athugasemd við framkvæmd Íslands á 1. mgr. 13. gr., um að sérhverjum manni sem hefir ónóg fjárráð og ekki getur aflað sér þeirra af eigin rammleik verði

veitt næg aðstoð. Nefndin vekur á því athygli að ekki séu ákvæði í íslenskri löggjöf sem veiti heimild til að áfrýja ákvörðun um framfærslustyrk til æðra stjórnvalds. Þar af leiðandi sé álit hennar það að meðan slíkt ákvæði sé ekki í lögum teljist Ísland ekki framfylgja ákvæðinu.

Yfirlit yfir athugasemdir sérfræðinganeftdarinnar er að finna í fylgiskjali IV.